

# Hjálp



Rauði kross Íslands

2. tölublað 8. árgangur október 2001



## Flóttamennirnir í Keflavík

*– Hjálpin lítur inn í júgóslavneska tertuveislu í bítlabænum*

---

Sundgarpur á Löngumýri  
Pálína á Austur-Tímor  
Sorphaugar í Venesúela  
Rokkað gegn ofbeldi  
Vantar sárlega gistiskýli

# Rokkað gegn ofbeldi

Hópur ungmenna safnaðist saman á Ingólfstorgi í blíðviðri einn laugardagseftirmiðdag í sumar til að hlýða á bílskúrsbönd rokka gegn ofbeldi. Póstkortum var dreift meðal tónleikagesta og á þeim gat meðal annars að líta apa með undirskriftinni: Staðnæmdist þú á þróunarbrautinni? – Ofbeldi er frumstætt.

Það var 30. júní sem Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands stóð fyrir fjögurra klukkustunda dúndrandi tónleikum á Ingólfstorgi og eru þeir liður í átaksverkefni URKÍ gegn ofbeldi. „Tólf hljómsveitir spiluðu þarna og gerðu það allar í sjálfboðavinnu,“ segir Erla Svanhvít Guðmundsdóttir, formaður URKÍ. Hreyfingin kynnti starfsemi sína á svæðinu, bauð félagsaðild og seldi boli með áletrun átaksins. „Þetta var haldið fyrst og fremst til að vekja athygli á þessu átaksverkefni Ungmennahreyfingarinnar sem hefur nú staðið í á annað ár. Tónleikarnir gengu rosalega vel, það var gott veður og mikill fjöldi á Ingólfstorgi.“

URKÍ hefur ýmislegt gert til að breiða boðskapinn út meðal ungmenna á höfuðborgarsvæðinu. Fólki hefur meðal annars verið boðið að



taka afstöðu gegn ofbeldi með því að brykkja handarfarir sínar á léreft og gerð var stuttmynd sem hefur verið notuð á kynningum í félagsmiðstöðum. „Ég hef einu sinni farið með á slíka kynningu og það var gaman hvað krakkarnir tóku virkan þátt í umræðunum eftir myndina og spjölluðu opinnskipt um ofbeldi.“ Hitt var



Hljómsveitirnar sem léku heita: Basic, Bris, Gaddi, Berrassaðir, Afkvæmi guðanna, Móri, Snafú, Vígspá, I adapted, Forgarður helvítis, Dust og Fake disorder. Segið svo að unga fólkið beiti ekki ímyndunaraflinu ...

Þau voru hins vegar ánægð með hvernig við gerðum þetta, á lifandi hátt.“

Hvort boðskapur URKÍ um að láta af ofbeldi ratar til sinna er erfitt að segja en í upphafi átaksins var gerð könnun á ofbeldi meðal ungs fólks og verður hún endurtekin undir lok verkefnisins. „Þá sjáum við hvort þetta hefur skilað árangri.“

## Hjálp

Rauði kross Íslands

2. tölublað, 8. árgangur, október 2001

### Útgefandi:

Rauði kross Íslands  
Efstaleiti 3, 103 Reykjavík  
Sími: 570 4000 Fax: 570 4010  
Netfang: central@redcross.is  
Veffang: www.redcross.is  
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:  
Þórir Guðmundsson  
Umsjón: Lóa Aldísardóttir  
Netfang: thorir@redcross.is  
Útlit: Mátturinn og dýrðin  
Umbrot: Blaðasmiðjan  
Prófarkalestur: Möður Árnason  
Prentun: Prentsmiðjan Oddi  
Upplag: 30.000

### Stjórn Rauða kross Íslands:

Anna Þrúður Þorkelsdóttir  
formaður  
Gunnlaugur Dan Ólafsson  
varaformaður  
Sigurður Arnar Sigurðsson ritari  
Ólafur Ólafsson gjaldkeri  
Helga Bára Bragadóttir  
Jóhannes Rúnar Jóhannsson  
Karen Erla Erlingsdóttir  
Sveinborg Sveinsdóttir  
Torben Friðriksson  
Guðný Sigurðardóttir

### Framkvæmdastjóri:

Sigrún Árnadóttir

## Aðstoðin skili sér þangað sem þörfin er mest


Rauði kross Íslands hefur síðustu árin lagt aukna áherslu á undirbúning þeirra verkefna sem félagið ræðst í. Jafnframt hefur vinnu og fjármunum verið varið til þess að tryggja að verkefni skili þeim árangri sem krafist er, að hjálpa þeim sem hjálpar eru þurfi.

Meginmarkmið Rauða krossins er að lina þjáning fólks eða koma í veg fyrir þær. Þjóðfélag samtímans er síbreytilegt og því þarf að fylgjast vel með aðstæðum svo að sú aðstoð sem Rauði krossinn veitir skili sér þangað sem þörfin er mest. Rauði kross Íslands hefur gert nokkrar kannanir á högum þeirra sem erfiðast eiga í íslensku þjóðfélagi, einmitt til að félagið geti beint kröftum sínum með markvissari hætti að því sem er mest aðkallandi.

Viðbrögð félagsins við niðurstöðum slíkra athugana geta verið með ýmsum hætti. Stundum er ráðist í langtímaverkefni til að leysa vandann, stundum gerist Rauði krossinn málsvari þeirra sem í

vanda eiga, og í þriðja lagi er oft stofnað til samvinnu við opinbera aðila eða félagasamtök um úrlausnir.

Síðustu athuganir af þessu tagi hafa gefið til kynna að fólk með geðröskun og ungir einstæðir foreldrar sem ekki hafa mikla framhaldsmenntun eigi einkum erfitt uppráttar. Þá benda athuganir til þess að einsemd fari vaxandi.



Úlfar Hauksson  
fyrirverandi  
varaformaður  
Rauða kross  
Íslands

Jafnframt hefur Rauði krossinn beint sjónum sínum að ýmsum aðkallandi málum barna og ungmenna, ekki síst baráttu gegn ofbeldi í kjölfar sérstakrar könnunar á því hvað ungmenni teldu ofbeldi algengt.

Með vísan til upplýsinga úr ofangreindum könnunum samþykkti

Rauði kross Íslands fyrir rúmu ári að leggja sérstaka áherslu á þrenns konar verkefni á næstunni, aðstoð við geðfatlaða, heimsóknþjónustu og forvarnir, þ.m.t. baráttu gegn ofbeldi. Þessi verkefni eru á landsvísu og hafa deildir félagsins samþykkt að leggja áherslu á a.m.k. eitt verkefni af þessu tagi hvert á sínu svæði, en jafnframt er gert ráð fyrir að verkefnaval deilda byggist á staðbundnum könnunum, því aðstæður eru auðvitað eitthvað misjafnar eftir sveitarfélögum.

Þessi aðferðafræði er tvímælaust líkleg til að skila betri og markvissari þjónustu Rauða kross Íslands fyrir samfélagið. Góðar upplýsingar eru undirstaða góðra verka í samfélagi nútímans og Rauði krossinn ætlar í auknum mæli að leggja fram vinnu og fjármuni til að fylgjast með breytingum í samfélaginu og á högum einstaklinga, með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir þjáningar eða lina þær.



Hjördís Guðbjörnsdóttir, sendifulltrúi  
í Mósambík, skrifar frá Mapútó

# Áhugasamir sjálfbóðaliðar komnir út í þorpin

**Uppbygging heilsugæslustöðvarinnar í Matutuine hefur dregist vegna flóða og hvirfilvinda í Mósambík. Málið er þó að komast á skrið og búið er að útskrifa fyrstu sjálfbóðaliðana í heilsugæsluna. Slegið var upp veislu við útskriftina þar sem menn sungu og dönsuðu fram á nótt.**

Í lok árs 1999 var undirritaður fjögurra ára samningur milli Rauða kross Íslands, Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og mósambíska Rauða krossins um að byggja heilsugæslustöð og efla heilsugæslu fyrir íbúa sjö smáþorpa í Matutuine í Mapútó-héraði. Samningurinn er sá fyrsti sinnar tegundar í Mósambík og á rætur að rekja til sameiginlegs heilsuáttaks landsfélaganna í Afríku, sem gengur undir nafninu ARCHI 2010. Markmið þess er að bæta heilsufar Afríkubúa. Því þótt óeirðir og náttúruhamfarir hafi öldum saman verið landlægar í álfunni þá eru það sjúkdómar sem nú verða flestum að fjörtjóni.

## Skoðanakönnun meðal þorpsbúa

Í byrjun árs 2000 gengu yfir Mósambík mestu náttúruhamfarir í 50 ára sögu ríkisins. Gífurlegar rigningar og hvirfilvindar urðu fjölda manns að bana þegar ár flæddu yfir bakka sína og heilu þorpin hurfu undir vatn. Sagan endurtók sig í byrjun þessa árs. Þessar hamfarir og fleira hefur orðið til að seinka byggingu heilsugæslustöðvarinnar en gæfan er að snúast okkur í hag og verkefnið er nú komið vel á veg. Byrjað er að reisa heilsugæslustöðina og rannsóknnum á vatni í héraðinu er lokið en það reyndist mjög salt og ekki drykkjarhæft. Þá er búið að þjálfa hóp af sjálfbóðaliðum mósambíska Rauða krossins til að sinna heilsugæslu.

Til að kanna hvar þörfin væri

brýnust var í janúarmánuði lögð könnun fyrir íbúa í þorpunum í Matutuine. Hvert þorp var heimsótt og allir sem vettlingi gátu valdið tóku þátt í könnuninni. Starfsemi Rauða krossins var kynnt, saga hvers þorps rakin og sýndar teikningar af skipulagi þorpsins. Síðan kusu menn um á hvaða sviði væri helst úrbóta þörf. Niðurstaðan var sú sama í öllum þorpunum: Hér skortir heilsugæslu. Að könnun lokinni voru þeir valdir úr hópnum sem vildu gerast sjálfbóðaliðar fyrir Rauða krossinn og þeim síðan boðið á þriggja vikna undirbúningsnámskeið.

## Sextán á fyrsta námskeiðinu

Sextán sjálfbóðaliðar voru þjálfaðir á fyrsta námskeiðinu sem haldið var í mars í bænum Bela Vista. Nemendur voru fyrst fræddir um starfsemi Rauða krossins en síðan var farið ytarlega í hreinlæti, mikilvægi ómengaðs drykkjarvatns, notkun kamra, frágang á sorpi o.s.frv. Á Íslandi þykir slíkt heilbrigð skynsemi en í Mósambík er rík þörf fyrir fræðslu af þessum toga. Rækilega voru kynntir þeir sjúkdómar sem helst hrjá almenning, niðurgangur, malaría, kólera og vannæring. Rætt var um mikilvægi mæðra- og ungbarnaverndar og bólusetninga. Sérstaklega var þó lögð þung áhersla á fræðslu um kynsjúkdóma og HIV-smit. Eyðni er sá sjúkdómur sem verður flestum að aldurtíla í suðurhluta Afríku. Þá er sjálfbóðaliðum einnig kennd skyndihjálp.

## Glæsileg útskrift

Fyrir Íslending er erfitt að gera sér í hugarlund hve merkilegt það er að fara á þriggja vikna námskeið fyrir þorpsbúa í Mósambík. Flestir sjálfbóðaliðarnir voru nokkuð vel læsir og skrifandi en fáir höfðu hlotið frekari menntun. Það var því stór



stund þegar námskeiðinu lauk. Allir nemendur höfðu fengið Rauða kross boli og konurnar höfðu keypt sér nýja hárkúlta og „capulana“, klæði sem þær vefja utan um sig eins og pils. Eftirvænting ríkti í hópnum. Borð var dúkað með laki af spítalanum og á miðju borði var krukka vafin í pappír og skreytt trjágreinum. Bekkjum og stólum var raðað upp og ýmislegt mektarfólk mætti til að vera viðstatt athöfnina. Fréttamaður með ævafornt segulband fylgdist með, ræður voru fluttar og skírteini afhent auk hliðartösku fyrir nauðsynlegustu hjálpargögn til starfans. Barmmerki frá Rauða krossi Íslands með áletruninni „Við hjálpum með þinni hjálpi“ á okkar ástkæra ylhýra voru næld í barm sjálfbóðaliðanna og hafa þeir stoltir borið þau síðan. Að athöfn lokinni sungu sjálfbóðaliðarnir um Rauða krossinn, dönsuðu og fluttu leikþátt um eyðni þar sem leikararnir gerðu mikið grín að sjálfum sér, fáfræði sinni og fordómum. Að lokum var boðið til kvöldverðar og skemmtu menn sér fram á kvöld við söng og dans.

## Alvara lífsins tekur við

En nú er alvara lífsins tekin við. Sjálfbóðaliðarnir eru farnir heim og byrjaðir að starfa hver í sínu þorpi.

Nokkrir byrjuðu á því að byggja kamra við hús sín til að vera nágrönnunum gott fordæmi. Þá hafa sjálfbóðaliðarnir heimsótt alla þorpsbúa og skráð niður upplýsingar um heilsufar og aðstæður og veitt fólki fræðslu um heilbrigða lífshætti og hreinlæti. Það er virkilega gaman að hitta sjálfbóðaliðana og finna áhuga þeirra á starfinu. Sjálfbóðaliðinn nýtur líka talsverðrar virðingar í sínu þorpi og þorpsleiðtogarnir fylgjast grannt með störfum hans og eru þakklátir Rauða krossinum fyrir störf hans í þágu fólksins.

Rauði krossinn og sjálfbóðaliðar hans hafa verið mjög áberandi í Mósambík undanfarin tvö ár vegna náttúruhamfaranna í landinu. Þeir hafa unnið gríðarlega gott starf við að hreinsa drykkjarvatn, fræða fólk um sjúkdóma og meðhöndla menn við ýmsum kvillum sem fylgja flóðum. Verkefni okkar hér í Matutuine færir íbúunum ekki einungis heilsugæslustöð og hreint drykkjarvatn heldur einnig fleiri sjálfbóðaliða sem með fræðslu sinni geta gert mönnum kleift að varðveita og efla heilbrigði sitt.



„Þau eru miklu afslappaðri núna en í upphafi,“ segir Sigríður. „Fyrst þegar þau komu þá þorðu þau varla að hleypa börnunum út fyrir hússins dyr. Nú eru krakkarnir hlaupandi út um allt.“

# Íslenskan er lykillinn að velgengni

„Það sem kemur mér mest á óvart er hvað þau eru rosalega lík okkur,“ segir Sigríður Jóhann- esdóttir, verkefnisstjóri flóttamannanna hjá Reykjanesbæ. „Húmorinn er mjög líkur og það er nánast eins og þau séu fædd hér og upp- alin.“

Sigríður er í fullu starfi hjá Reykjanesbæ við að liðsinna júgóslavnesku flóttamönnunum. Allir karlmennirnir eru komnir með vinnu eftir hádegi en á morgnana er fullorðna fólkið í íslenskunámi. Einn fékk vinnu í áhaldahúsi bæjarins, tveir í Plastgerð Suðurnesja og tveir í Barnagamni sem smíðar útileikföng. Næsta skref er að finna vinnu handa konunum. Sigríður er hins vegar hörd á því að fullorðna fólkið fari ekki í heildsdagsvinnu fyrir

en íslenskunáminu er lokið. „Ég hamra á því við þau að íslenskan sé lykillinn að allri velgengni hér. Ef þau geta skilið og talað íslensku þá geta þau alltaf reddað sér.“

## Áhugasöm og dugleg

Sigríður dreif hópinn í allrahandu læknisskoðanir strax í upphafi og fóru fyrstu tvær vikurnar alveg í læknisheimsóknir. „Miðað við reynsluna af hinum hópunum sem hafa komið til Íslands þá gera ýmsir kvillar vart við sig þegar liða tekur á dvölinu og ég ákvað að drífa þetta bara af svo fólkið þyrfti ekki að vera frá úr vinnu eða skóla til að standa í líku.“

Börnunum virðist liða ágætlega vel í skólan-

um, segir Sigríður, og taka þátt í leik íslenskra jafnaldranna sinna. Meiri hætta er á að óánægja skapist meðal hinna fullorðnu en þess hefur verið gætt að veita þeim allar fánlegar upplýsingar og að jafnt sé komið fram við alla. Þannig hafði Hólmfríður Gísladóttir búið hópinn undir það áður en flogið var til Íslands að húsnæðið yrði mis- stórt og misgott. Við því væri hins vegar ekkert að gera því húsnæðisekla væri í Keflavík.

Þetta er fimmti hópur flóttamanna sem kemur hingað frá Júgóslavíu og Sigríður nýtur góðs af reynslu þeirra sem hafa annast hina hópana. Hún hefur því getað gætt þess að vera ævinlega skrefi á undan þeim vandamálum sem upp koma. „Sem betur fer hefur ekkert komið upp á. Ég er rosalega ánægð með þennan hóp. Þau eru ofsalega áhuga- söm og dugleg og sum þeirra eru farin að geta tjáð sig. Þau eru búin að sætta sig við að fá ekki vinnu við hæfi til að byrja með en markmiðið er að ná íslenskunni og fara svo að sækja um þá vinnu sem þau hafa menntun eða löngun til. Von- andi gengur þetta bara upp og þau verða öll altal- andi 1. júní árið 2002,“ segir Sigríður að lokum og ef marka má ákveðningu í rödd hennar gerir hún alltént allt sem í hennar valdi stendur til að svo megi verða.

Dragana Zastavnikovic var ráð- in hjá Rauða krossi Íslands til að túlka fyrir hópinn fyrstu þrjá mánuðina á Íslandi. Dvöl hennar var síðan framlengd um hálfan mánuð. Dragana kom sjálf til Íslands sem flóttamaður árið 1996 og veit því fullvel hvernig það er að takast á við torrætt tungumál í framandi landi. Hún hefur fylgt flóttamönnunum hvert fótmál í kerfinu og farið með þeim í ótal heimsóknir til lækna, í skóla og stofnanir. „Annars hefur ekkert óvænt komið upp á. Það fór til dæm- is rafmagns af hjá þeim Gacic-hjónunum eitt kvöldið en þau biðu bara sallaróleg og hringdu svo daginn eftir – enda vanari rafmagnsleysi en rafmagn!“

Dragana kom hingað 27 ára gömul ásamt eiginmanni og 10 ára dóttur til Ísafjarðar fyrir fimm árum. Alls komu þá sex flóttamannafjölskyldur til Ísafjarðar en fjölskylda Dra- gónu er sú eina sem býr þar enn. Og hún unni sér vel. Eig- inmaður hennar er smíðar hjá byggingarverktökum í bænum en Dragana vinnur hjá Þróun- arsetri Vestfjarða. „Ísfríðingar vilja bara ekki sleppa mér!“

## Ráðstefna um sjálfböðastörf

Sjálfböðastörf verða krufin til mergjar á ráð- stefnu sem Rauði kross Íslands heldur á Hótel Loftleiðum í Reykjavík 2.–3. nóvember. Yfir- skrift ráðstefnunnar er „Sjálfböðastörf – fjöl- breytt afl í þágu samfélagsins“ og meðal frum- mælenda eru Sigrún Júlíusdóttir dósent sem

hyggst tala um sögu og þróun sjálfböðastarfs, Ásdís Halla Bragadóttir bæjarstjóri sem ætlar að ræða um framlag til samfélagsins og Helgi Grímsson skólastjóri sem reifar málið frá sjón- arhóli menntakerfisins.



# Júgóslavnesk tertuveisla í bítlabænum

Íslensk og júgóslavnesk börn valsa hlæjandi inn og út af heimili Gagic-fjölskyldunnar í Keflavík þegar Hjálpinu bar að garði einn sólríkan dag nú í haust. Dæturnar hafa eignast sæg af leikfélögum og það er létt yfir fjölskyldunni enda víðsfjarri Júgóslavíu þar sem flóttamenn áráða varla að senda börn sín út að leika sér.

Fyrir rúmum þremur mánuðum bjugu Petrica, Rajko og dætur þeirra Katarina (12) og Nevena (8) í einu herbergi í Júgóslavíu. Framtíðarhorfurnar voru heldur daprar. Hin 9. júní snerist gæfan þeim í hag. Gagic-fjölskyldan lenti þá á Keflavíkurflugvelli ásamt 19 löndum sínum sem allir höfðu búið við þröngan kost sem flóttamenn í áráðir.

## Flóttamenn í sex ár

Gagic-fjölskyldan var lánsöm. Eftir að hafa búið í yfirgefnu húsi í Júgóslavíu ásamt fjórum öðrum fjölskyldum síðan 1995 hlaut umsókn þeirra um flutning náð fyrir augum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Þá tók við um sex mánaða bið en loksins flaug fjölskyldan til Íslands þar sem hennar beið fullbúin og björt þriggja herbergja íbúð í Keflavík.

Þar hafa þau nú búið í rúma 3 mánuði. Það er einkennilegt að heimsækja fólk sem hefur árum saman búið sem flóttamenn. Íbúð Gagic-fjölskyldunnar í Keflavík er sérlega snyrtileg með húsgögnum og skrautmunum úr ýmsum áttum. En hún ber þess merki að þarna býr fólk sem þurfti að flýja heimili sitt í skyndi, fólk sem hefur lengi átt hvergi heima. Fjölskyldan hefur ekki merkt sér hana. Þar er lítið af persónulegum munum, engar myndir á veggjum. Hið eina sem vitnar um fortíð Gagic-fjölskyldunnar er stórt landakort af Júgóslavíu á einum stofuveggnum.

## Staðráðin í að læra íslensku

Dæturnar sitja ásamt Nevenku, júgóslavneskri vinkonu sinni, að horfa á Skjá einn og gæða sér á

girnilegum tertusneiðum þegar útsendara Hjálparinnar er boðið til stofu. Íslenskan er þeim enn ekki töm en þær eru allar af vilja gerðar. Sperra eyrun og reyna að skilja spurningarnar. Katarina, sú eldri, er komin með heilmikinn orðaforða en á ennþá erfitt með að mynda heilar setningar. Þær koma því þó til skila að þeim þyki mest gaman að horfa á Popp Tíví. Og eru varla einar um það meðal íslenskra ungmenna. Nevenka vinkona þeirra er meira að segja svo forfrömuð að vera með gema í hendinni. Þegar tækið fer að pípa verður hún hálf-skelkuð og biður Sigríði verkefnisstjóra um að þýða fyrir sig SMS-boðin. Skilaboðin eru til stóru systur Nevenku sem var að hefja nám í Fjölbautaskóla Suðurnesja. Þau eru áriðandi – það er busaball í kvöld. Sigríður spyr hvort systir hennar nýneminn vilji ekki fara á dansballið en Nevenka hristir höfuðið.

Nei, sennilega er enn of örðugt fyrir systurina að gera sig skiljanlega til að hún geti notið busaballsins. Enda þrjú mánuðir ekki langur tími til að læra heilt nýtt tungumál. En húsmóðirin á heimilinu er staðráðin í að læra málið. „Íslenskan er erfið en ég ætla að læra hana,“ segir Petrica í gegnum túlkinn loksins þegar hún sest niður eftir að hafa boðið öllum sem vilja væna sneið af tertunni sem hún bakaði – en hún ku vera mikill meistari í köku- og brauðbakstri. Enda segist hún helst vilja fá vinnu í bakaríi þegar íslenskunáminu lýkur.

## Hatrið í fólkinu heima í Vojvodina

Þegar samræðurnar í gegnum túlkinn mjakast af stað kemur í ljós að Gagic-fjölskyldan er frá þorpi nálægt Zadar í Vojvodina-héraði í Júgóslavíu. Þar starfaði Rajko sem vaktstjóri í orkuveitu en Petrica var atvinnulaus. Þegar þau flúðu heimili sitt árið 1995 var ástandið orðið óbærilegt. „Við fórum til bæjar sem heitir Meda þar sem frændi mannsins míns bjó. Hann var hins vegar af annarri kynslóð og við gátum ekki



Eini gallinn við dvölina á Íslandi, segir Petrica, er að geta ekki tjáð sig. „Ég er mjög opin manneskja en ég lít oft út fyrir að vera lokaður karakter af því að ég get ekki tjáð mig.“ Félagssleg einangrun hrjár þó ekki Gagic-fjölskylduna. Mikill samgangur er á milli Júgóslavanna í Keflavík og aðra hvora helgi hitta þau systur Petricu sem býr í Hafnarfirði.

búið saman. Bróðir Rajko frétti þá af yfirgefnu húsi skammt frá og fór að athuga í hvernig ásigkomulagi húsið væri. Hann sá að það var ekkert alltof hræðilegt og við fluttum því þangað, tvær fjölskyldur. Svo komu þrjár fjölskyldur til viðbótar. Við vorum með eitt herbergi sem við urðum að nota sem heila íbúð.“

Þau vilja ekki snúa aftur heim til Vojvodina og vita ekki hvað varð um húsið sem þau áttu þar. „Það vantar frið. Það er mikill ótti í fólki. Ef ég færi þangað núna þá mundi ég verða hrædd um leið og það færi að rökkva. Hrædd um að einhver kæmi til að drepa okkur. Það breytir engu þótt yfirvöld segi að okkur sé óhætt – það eru einstaklingarnir sem ég er hrædd við. Það eru ofsafengnir einstaklingar sem mundu ráða örlögum okkar, ekki yfirvöld.“

## Passlegur bær fyrir bíllausa

Það er ergilegt að geta ekki tjáð sig og það er eini gallinn við dvölina á Íslandi að mati Petricu. Hún er

greinilega lífsglöð kona en þær stóllur, Dragana, Petrica og Sigríður hlæja mikið og dátt saman. „Ég er mjög opin manneskja en ég lít oft út fyrir að vera lokaður karakter af því að ég get ekki tjáð mig. Ég var til dæmis hjá tannlæknum í morgun og MTV var í gangi á biðstofunni. Lítil íslensk stelpa benti mér á eitt hvað í sjónvarpinu og ég sagði ókei og hún sagði ókei og síðan bað ég til guðs um að hún sneri sér að einhverju öðru því ég gat ekkert sagt nema ókei. En hún hélt áfram og ég gat ekkert gert nema hlæja og brosa,“ segir Petrica og tárast af hlátri yfir þessari hversdagslegu en neyðarlegu uppákomu. Að öðru leyti er Petrica alsæl með sitt nýja líf í Keflavík þótt fjölskyldan sé enn að ná áttum og bollaleggingar um framtíðina bíði betri tíma. „Keflavík er akkurat passlega stór bær fyrir okkur sem erum bíllaus,“ segir Petrica. „En ég veit ekkert hvað við gerum eða hvar við búum í framtíðinni.“

# Fæstir vilja snúa aftur heim

Tilhugsunin um að snúa aftur heim er ekki aðlaðandi í huga flóttamanna í Júgóslavíu enda óvíst hvað bíður þeirra þar. Aðeins rúm 5% þeirra flóttamanna sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna fylgist með vilja snúa aftur til síns heima, segir Svetlana Karpandzic.

Svetlana er deildarstjóri hjá Flóttamannastofnuninni og kom hingað í sumar til að fylgja á leið-arenda þeim tuttugu og þremur flóttamönnum sem fluttust í Reykjanesbæ í sumar. „Ég kom til að túlka fyrir þau og hjálpa þeim í gegnum fyrstu dagana í nýju landi,“ sagði Svetlana þegar Hjálpin hittu á hana í sumar. Hún var mjög ánægð með móttökurnar á Íslandi og sagði íbúðirnar handa flóttamönnum finar og vel búnar húsgögnum.

## Gríðarleg fátækt í Júgóslavíu

Þeir eru fáir flóttamennirnir sem uppfylla skilyrði Flóttamannastofnunarinnar um að setjast að í nýju landi. Hver og ein fjölskylda er metin sérstaklega. Fyrst er kannað hvort fjölskyldan getur snúið aftur heim. Ef ekki er sá möguleiki skoðaður hvort hún getur sest að í Júgóslavíu. Aðeins ef hvorug leið-



Svetlana fylgdi flóttamannahópnum frá Júgóslavíu til Reykjanesbæjar. Hún var mjög ánægð með móttökurnar á Íslandi.

in er fær er reynt að aðstoða fjölskylduna við að flytjast annað. „Þeir sem uppfylla skilyrði um flutning er fólk af blönduðu þjóðerni, í blönduðum hjónaböndum og fórnarlömb ofbeldis eða pyntinga. En þingst vegur ef fólk hefur orðið fyrir ofsóknum. Allar þær fjölskyldur sem komu hingað til Íslands uppfylla skilyrði SP um flutning til annars lands.“

Um 600 þúsund flóttamenn eru enn í Júgóslavíu og efnahagsástand þar er afar bágborið. Efnahagur Júgóslavíu hefur hrunið á síðustu tíu árum, segir Svetlana,

og ekki aðeins flóttamennirnir búa við fátækt heldur einnig íbúar landsins. „Þær endurbætur sem gerðar verða á efnahagskerfi landsins með nýjum yfirvöldum verða sennilega til þess að almenningur þarf enn að herða sultarólina um tíma,“ segir Svetlana. Á hinn bóginn er vonast til að stjórnsýsla og lagasetning komist smám saman í eðlilegt horf og þá skýrast reglur um hverjir eiga möguleika á að hljóta ríkisborgararétt. Þegar þær reglur komast á hreint verður staða flóttamanna í landinu tryggari.

## Hamfarir á höfuðborgarsvæði

Hinn 20. október halda deildirnar á höfuðborgarsvæðinu neyðarvarnaæfingu þar sem fjöldahjálparstöðvarnar 15 á svæðinu verða í öndvegi. Í æfingunni er gert ráð fyrir að flokksstjórnar og aðrir sem tengjast neyðarvörnum félagsins í Reykjavík og nágrenni verði kallaðir út til að manna fjöldahjálparstöðvarnar í kjölfar ímyndaðrar ógnar eða hamfara. Almenningur er einnig hvattur til að mæta og kynna sér það starf sem fram fer í stöðvunum þegar þær eru virkjaðar.

## Vel gekk að safna

Almenningur brást vel við tveimur skyndisöfnunum Rauða krossins í vor, fyrst vegna jarðskjálfta og aurskriðna í El Salvador og síðan vegna hins mikla skjálfta í Gujarat-fylki á Indlandi. Fólk var gefinn kostur á að hringja inn í söfnunarsímann, 907 2020, og leggja með því 500 krónur af simreikningi til hjálparstarfanna. Í bæði skiptin safnaðist um ein og hálf milljón króna sem rennur beint til hjálpar- og uppbyggingarstarfs Rauða krossins í löndunum tveimur.

## Forystumenn funda í Reykjavík

Formenn og framkvæmdastjórnar 25 stærstu Rauða kross félaga í heimi ræddu stöðu mannúðaraðstoðar á fundi í Reykjavík 22. september í haust. Anna Prúður Þorkelsdóttir formaður Rauða kross Íslands og Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri tóku á mótí gestunum, sem einnig þáðu boð Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands á Bessastöðum. Meðal málefna fundarins var hið ótrygga ástand sem skapast hefur í kjölfar hryðjuverka-árásanna á Bandaríkin nýlega, stefnumótun Alþjóða Rauða krossins til ársins 2010 og sívaxandi erfiðleikar við að fjármagna neyðar- og þróunarástæði.

## Forystukonur og unga kynslóðin skora á Alþjóðasambandið.

Anna Prúður Þorkelsdóttir, formaður Rauða kross Íslands, sótti Vinnubúðir ungu kynslóðarinnar og forystukvenna innan Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem settar voru upp í Ósló 7.–9. september. „Þarna voru mættir fulltrúar um 60 landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Við ræddum fyrst og fremst um þann skelfilega eyðnifaraldur sem hrjáir fólk víða um heiminn og hvað landsfélög okkar, og ekki síst konur innan þeirra, gætu hugsanlega gert til að stemma stigu við útbreiðslu veirunnar, efla aðhlyningu eyðnisjúkra og hinna deyjandi og tryggja velferð vaxandi hóps munaðarlausra barna. Í lokin voru síðan lögð drög að ályktun



Ljúdmíla Potravnova formaður rússneska Rauða krossins, Anna Prúður Þorkelsdóttir og Markína Tatjana sjálfboðaliði frá Rússlandi í Ósló.

til Alþjóðasambands Rauða kross félaga og Rauða hálfmánans. Í drögnum stóð að við hefðum ekki nýtt að fullu slagkraft hreyfingarinnar til að vinna gegn þessum vágæsti, til að upplýsa, mennta og hlúa að sjúkum. Þótt álykt-

unin hafi verið býsna ákveðin töldu fundargestir ekki nógu langt gengið. Því var ákveðið að skerpa skilaboðin áður en þau verða send til Alþjóðasambandsins sem heldur aðalfund sinn í nóvember á þessu ári.“





## Grillveislan og sjúkrabíllinn vöktu mesta lukku

„Mannúð og menning“ – sumarnámskeið fyrir börn – voru haldin í ellefta sinn í sumar. Sem fyrr er miðað við að uppfæra börnin með leikjum í stað fyrirlestra. Alls urðu námskeiðin fjögur í júní og júlí og tóku 75 börn þátt í þeim. Námskeiðin voru haldin í Reykjavík að þessu sinni og á þeim voru reykvískri æsku kynntar mannúðarhugsjónir Rauða krossins. Krakkarnir fengu líka leiðsögn í skyndihjálp og fræðslu um umhverfi sitt, einkum um það hvað þeir gætu gert því til verndar. Skógrækt Hafnarfjarðar var heimsótt og haldinn var alþjóðadagur þar sem markmiðið var að gera börnunum ljóst að þótt jarðarbúar séu ólíkir þá eru þeir samt líkir inn við beinið.

Þá fengu allir hóparnir sjúkrabíl í heimsókn og þótti krökkunum ekki amalegt að fá að valhoppa um í alvöru sjúkrabíl, grandskoða útbúnaðinn og prófa spelkur. Námskeiðinu lauk síðan eins og ævinlega með grillveislu í Viðey og eins og sjá má á myndunum skemmtu menn sér konunglega í eyjunni.



# Mannúð í skólanum

Grunnskólar fá námsefni frá Rauða krossinum

**Kennarar eiga nú kost á að nota námsefni um mannúðarmál með ýtarlegum kennsluleiðbeiningum frá Rauða krossinum fyrir öll stig grunnskóla. Efnið er til á myndböndum, í kennslumöppum og á nýjum skólavef Rauða krossins sem er á slóðinni [www.redcross.is/skoli](http://www.redcross.is/skoli). Hann hefur verið ofinn í góðri samvinnu við Námsgagnastofnun. Í flestum tilvikum er gert ráð fyrir að kennsluefnið nýtist í lífsleiknitímum.**

Íslenska menntanetið valdi hinn nýja skólavef Rauða krossins vef mánaðarins í september á vefsetrinu „ismennt.is“. Kennarar og annað skólafólk heimsækja mikið vef Menntanetsins. Þá hefur verið ákveðið að Rauði krossinn fari í samstarf við Íslenska menntanetið um að birta kennsluefni félagsins á námsvefnum ([namsvefurinn.is](http://namsvefurinn.is)). Námsvefurinn er nýr og glæsilegur vefur sem inniheldur verkefni, spurningar, próf og greinar um uppeldismál og gert er ráð fyrir að kennarar noti hann mikið.

„Hjálpfús“ er námsefni sem kynnir mannúðarhugsjón Rauða krossins fyrir krökkum á miðstigi. Í

heimi alþjóðasamskipta og stöðugra fólksflutninga verður sífellt mikilvægara að yngstu þegnarir tileinki sér viðhorf sem auðvelda þeim að lifa í fjölmenningslegu samfélagi. Eiginleikar eins og umburðarlyndi og mannúð skipta þar höfuðmáli og því er nauðsynlegt að víkka sjónvæðingarsvæðið strax í barnæsku. Nemendabók inniheldur verkefni en auk hennar er að finna kennsluleiðbeiningar á skólavef Rauða krossins og myndband sem er til útleigu hjá Námsgagnastofnun.

„Börn í Asíu“ er safn bóka sem Adda Steina Björnsdóttir hefur skrifað um líf barna í Kasakstan, Kína og á Filippseyjum. Bók sem gerist á

Indlandi er á leiðinni. Bækurnar eru skrifaðar af þekkingu og samúð enda hefur höfundurinn sjálfur kynnst þeim aðstæðum sem börn í Asíu búa við. Fjölmargir kennarar nota bækurnar við lestrarkennslu. Skólar geta pantað bækurnar hjá Æskunni og kennarar fundið ítarefni, kennslugögn og leiðbeiningar á skólavef Rauða krossins.

Æska í skugga ofbeldis er ákaflega vandað efni sem upprunalega varð til í samvinnu Rauða krossins og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Tvö 13 mínútna myndbönd lýsa aðstæðum barna sem taka þátt í stríði og barna sem verða að vinna við afar erfiðar aðstæður til að sjá



fjölskyldu sinni farborða. Myndirnar, meðfylgjandi ítarefni og kennsluleiðbeiningar vekja líka spurningar um réttindi barna í okkar samfélagi. Þetta er efni fyrir elstu bekk grunnskóla.

„Við hjálpum“ og „Við kennum“ er kennsluefni í skyndihjálp sem Rauði krossinn hefur boðið yngstu nemendum. Næstu misserin er ætlunin að auka verulega framboð skyndihjálparefnis fyrir skólana, þannig að börnum á öllum stigum gefist kostur á að læra hvernig þau geta hjálpað ef þau koma að slysi.

Með því að bjóða skólum námsefni sem tengist mannúðarhugsjóninni vill Rauði krossinn leggja sitt af mörkum til að byggja betra þjóðfélag, þar sem fólk hjálpast að og enginn er skilinn útundan. Skólafólki sem vill frekari upplýsingar er bent á vefinn „[www.redcross.is/skoli](http://www.redcross.is/skoli)“ og einnig er hægt að hafa samband við Ingbjörgu Eggertsdóttur fræðslufulltrúa í síma 570 4000.



# Gest- risnin engu lík

Hópur fólks úr Vin ferðaðist um Vestfirðina nú í ágúst og einn ferðalanganna komst þá í fyrstu sjóferð sína – 47 ára gamall. „Þetta var yndislegasta ferðalag sem ég hef farið í,“ segir Garðar Sólvi Helgason sem steig þá ölduna í fyrsta sinni á Breiðafjarðarferjunni Baldri. „Náttúrufegurðin, veðrið og síðast en ekki síst fólk-  
ið sem maður kynntist var yndislegt.“

Hinn 13. ágúst lagði hópur 16 gesta og fjögurra starfsmanna úr Vin, at-  
hvarfi Rauða kross Íslands fyrir geð-  
fatlaða, upp í fimm daga ferðalag um Vestfirði og var Garðar Sólvi einn ferðalanganna. Hann segir að gest-  
risni fólks hafi verið engu lík. „Það var sama hvar maður kom. Það vildu allir allt fyrir okkur gera, hvort sem það var starfsfólk á gististöðum eða fólk sem bauð okkur í mat.“

Það skorti heldur ekki á gest-  
risnina hjá Garðari þegar hann tók á móti blaðamanni Hjalparinnar með kaffi og gómsætum kökum á ein-  
staklega snyrtilegu bernskuheimili sínu í Samtúninu. Þar heldur hann heimili með móður sinni Rögnu, sem er 84 ára, og móðursystur sinni Guðrúnu, sem er 92 ára. Móðir hans eldar, Garðar bakar, ryksugar og sér um garðinn. „Ég hélt ég gæti nú ekki lært að baka en svo kenndi frænka mér það í fyrra.“ Hann von-  
ast til að haldið verði matreiðslu-  
námskeið fljótlega hjá Rauða kross-  
inum svo hofleiri í hans stöðu geti lært að elda.

## Langtun skýrari í höfðinu

Garðar er mikill bókaunnandi og er um þessar mundir að lesa framtíðar-  
skáldsöguna „Saga þernunnar“ eftir Margaret Atwood fyrir móður sína og frænku. Hann hefur líka gaman af að skrifa og setti ferðasöguna á blað. Sagan verður ljósrituð og send öllum þeim sem tóku á móti hópnum í ferðalaginu. „Við gistum fyrstu



„Ferðafélagið Víðsýn er eini möguleiki minn til að ferðast. Ég á enga ættingja sem ég get ferðast með og ég treysti mér ekki til að kaupa mér ferðir vegna þess að fyrsta spurningin sem maður fær frá sessunautnum er: Hvað starfar þú?“

nóttina í Breiðuvík, fórum út á Látrabjarg og skruppum aðeins niður á Rauðasand. Það er agalegasti vegur sem ég hef farið. Ég var ekkert hræddur, við vorum með svo góðan bílstjóra, en ég mundi ekki vilja fara þarna í hálfu,“ segir Garðar og hlær. „Svo fórum við til Ísafjarðar og vorum þar tvær nætur. Síðan til Bolungarvíkur, inn Djúpið og til Hólma-  
víkur og borðuðum svo að lokum á Laugum í Sælingsdal.“ Ferðin kostaði 16.000 krónur á mann og þótt Garðar, sem er gjaldkeri Ferðafélagsins Víðsýnar, hafi átt tiltölulega auðvelt með að greiða fargjaldið þurftu margir að leggja mikið á sig til að eiga fyrir ferðinni.

Og Garðar sér svo sannarlega ekki eftir að hafa farið. „Ég átti orðið erfitt með að einbeita mér fyrir ferðina. Núna á ég auðveldara með að lesa og er langtun skýrari í höfðinu eftir þessa ferð. Það þurfa allir á einhverri tilbreytingu að halda.“

## Veiktist 16 ára

Garðar veiktist 16 ára gamall árið 1970 og er skilgreindur geðklofa. Þó eru aðeins um tvö ár síðan hann bankaði fyrst upp á í Vin á Hverfis-  
götunni. „Ég var búinn að ganga nokkuð oft þar framhjá áður en ég áráddi að fara inn,“ segir Garðar. „Ég var bara mjög harkalega í felum. Ég áttaði mig ekki á að það er engin ástæða til að skammast sín fyrir það sem maður getur ekki gert af. Ég var svo slæmur að ég borgaði fullt hjá tannlækninum, fullt í strætó, fullt fyrir bókasafnsskirteini. Þegar ég var í öldungadeildinni í Hamrahlíðinni þá vissi til dæmis ekki nokkur maður um veikindi mín til að byrja með. En fötlun mín lýsir sér þannig að ef ég er undir álagi og mér bregður við þá er eins og það sé maður inn í höfðinu á mér sem ég hef enga stjórn á.“

Til að koma sér í gegnum daginn notar Garðar umbunarkerfi sem hann

smíðaði upp úr þeirri þekkingu sem hann viðaði að sér í sálfræðitímum í MH. „Kerfið felst í því að ég verðlauna mig með spólu af myndbanda-  
leigu eða bíðferð fyrir hverjar 1000 mínútur sem mér tekst að verja í lestur og heimilisstörf,“ segir Garðar. „Þetta svínvirkar á mig og með þessu móti get ég hugsað um garðinn, ryksugað og lesið.“

## Aldrei farið til útlanda

En eins og Garðar bendir á þurfa allir á tilbreytingu að halda og ef ekki væri fyrir Ferðafélagið Víðsýn í Vin mundu margir í hans sporum aldrei ferðast. „Maður einangrast gersamlega með þessa fötlun. Það hafa nú margir hlegið að því,“ segir hann sposkur, „að ég borðaði til dæmis í fyrsta skipti á veitingahúsi 10. október í fyrra. Þá fór ég með Vin á alþjóða-geðheilbrigðisdaginn á Lækjarbrekku. Og Ferðafélagið Víðsýn er eini möguleiki minn til að ferðast. Ég á enga ættingja sem ég get ferðast með og ég treysti mér ekki til að kaupa mér ferðir vegna þess að fyrsta spurningin sem maður fær frá sessunautnum er: Hvað starfar þú? – Þannig að ég hef aldrei komið til útlanda. Hópurinn í Vin fór til Svíþjóðar í fyrra og þá þorði ég ekki að fara frá gömlu konunum. Áður en ég fór til Vestfjarða í sumar keypti ég 14 lítra af mjólk og reyndi að birgja upp húsið. Svo hringdi ég heim þrisvar á dag til að kanna hvort það væri ekki í lagi með þær. Því það er enginn sem hugsar um þær nema ég.“





**Bandaríski Rauði krossinn deilir út 100 milljónum til stuðnings fjölskyldum fórnarlamba**

# Framlög almennra borgara renna beint í fjárstuðning

Almenningur í Bandaríkjunum brást skjótt við eftir hryðjuverkin skelfilegu 11. september. Fjöldi almennra borgara hefur af örlæti sínu lagt blóð, svita og peninga til hjálparstarfs bandaríska Rauða krossins. Þegar er búið að úthluta í fyrsta sinn úr sjóðnum, 100 milljónum dollara sem renna beint í vasa fjölskyldna þeirra sem létust í Alþjóða-viðskiptamiðstöðinni og Pentagon.

„Það er með sérstakri auðmýkt og stolti sem bandaríski Rauði krossinn uppfyllir þá göfugu skyldu að þjóna bandarísku þjóðinni nú þegar þörfin er svo mikil,“ segir Bernadine Healy, forseti Rauða kross Bandaríkjanna.

Fyrsta úthlutunin rennur til fjölskyldna sem mæta nú óvæntum útgjöldum eða tekjutapi; þeirra sem þurfa að standa undir húsnæðis-kostnaði, greiða fyrir jarðarfari eða bregðast við öðrum ófyrirséðum útgjöldum vegna voðaverkanna. Þá hafa hundruð þeirra sem björguðust úr turnunum, en standa nú uppi atvinnulausir, snúið sér til Rauða krossins í New York þar sem þeir geta fengið úttektarmiða til að borga fyrir matvæli, leigu og lyf.

Um 20 þúsund manns starfa nú fyrir bandaríska Rauða krossinn við neyðaraðstoð. Hreyfingin hefur skotið skjólshúsi yfir á fimmta þúsund manna í 76 skýlum og reitt fram 1,6 milljónir máltíða til eftirlifenda og björgunarmanna. Þá hefur hreyfingin komið upp þremur vörugymslum og birgt þær upp af matvælum, hreinlætisvörum, rafhlöðum og öðrum nauðsynjum. Bandaríski Rauði krossinn hefur einnig tekið að sér það hlutverk að hafa umsjón með því að blóðbankar landsins fái nægilegt blóð fyrir alla sjúklinga sem þess þurfa.



Björgunarmenn fá að svala þorsta sínum hjá Bandaríska Rauða krossinum. Um 20.000 manns starfa nú fyrir hreyfinguna við neyðaraðstoð og alls hafa menn reitt fram 1,6 milljónir máltíða til eftirlifenda og björgunarmanna.

## Oku hundruð kílómetra til að gefa blóð

Svo margir svöruðu kallinu um að gefa blóð að þegar þrír skólapítar í Cornell-háskóla óku fimm klukkustundir til New York-borgar daginn sem árársnar voru gerðar þá var þeim snúið við á öllum spítulum sem þeir heimsóttu. Biðraðir blóðgjafa voru orðnar of langar. Það var ekki fyrr en á heimleiðinni sem þeim tókst loks að leggja sitt af mörkum. Starfsfólk Rauða kross-miðstöðvar varð snortið af sögu piltanna og öllu sem þeir höfðu á sig lagt til að aðstoða fórnarlömb hryðjuverkanna að þeir voru boðnir hjartanlega velkomnir inn í miðstöðina að gefa blóð.

## Útrás í bílaþvotti

Samstaðan er mikil meðal bandarísku þjóðarinnar og margir sem leggja hönd á plóginn. Þeirra á meðal eru

systurnar Aubrey, Alyssa, Ashley og Alana sem eru á aldrinum 10–16 ára. Minnstu munaði að pabbi þeirra væri staddur í Pentagon þegar flugvélinni var stímt þangað 11. september en hann slapp naumlega. Stúlkunum var svo létt að pabbi þeirra skyldi vera heill á húfi að þær voru staðráðnar í að leggja sitt af mörkum til þeirra sem voru ekki jafn-lánsamir. Þær eru of ungar til að gefa blóð og ákváðu því að safna peningum fyrir bandaríska Rauða krossinn. Systurnar skipulögðu starf á fjórum bílaþvottastöðvum, fengu fjölmiðla til að kynna átakið og söfnuðu alls 10 þúsund dollurum. Hugmyndin breiddist um Bandaríkin og nú hafa stúlkurnar hleypt af stokkunum bílaþvottaherferð á landsvísi: Þvott Bandaríkin – Þvott burt sársaukann – til að veita krökkum tækifæri til að fá útrás fyrir sorgina og löngunina til að verða að liði.

**Spilafíkn ekki eins útbreidd og haldið hefur verið fram**

Níu af hverjum tíu Íslendingum eru jákvæðir eða mjög jákvæðir gagnvart því að ágóði af löglegum happdrættum renni til góðgerðarstofnana. Um helmingur þeirra telur að áhrif löglegra happdrætta á íslenskt þjóðfélag séu góð. Þá er spilafíkn ekki jafn útbreidd á Íslandi og haldið hefur verið fram.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í viðamikilli rannsókn á spilahegðun landsmanna sem fyrirtækið Íslenskir söfnunarkassar lét vinna. Það fyrirtæki er í eigu Rauða kross Íslands, SÁÁ og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Rannsóknin er sú fyrsta sem gefur heildstæða mynd af spilahegðun Íslendinga. Niðurstöðurnar leiða í ljós að sú umræða sem fram hefur farið til þessa hefur verið byggð á getgátum sem ekki standast nánari skoðun.

Rannsóknin byggist á samskonar rannsókn sem bandarísk yfirvöld létu gera til að kanna spilahegðun Bandaríkjamanna árið 1998. Niðurstöður héraðs eru í stórum dráttum svipaðar og í Bandaríkjunum. Stjórn rannsóknarinnar var í höndum Stowes Shoemakers, aðstoðarprófessors við Nevadaháskóla, og niðurstöðurnar sýna að 0,6% Íslendinga eru haldin spilafíkn. Sambærileg tala fyrir Bandaríkin er 0,8%.

Athyglisvert er hversu litlu fé langflestir þátttakendur vörðu í spilakassa í hvert skipti og hversu miklum hluta þess fjár fólk var tilbúið að tapa. Helst það í hendur við vitund fólks um að það sé að styrkja gott málefni með því að spila í kössunum. Þegar spurt er um ástæður þess að fólk spilar í spilakössum kemur í ljós að þyngst vega vinningsmöguleikar en nánast jafnþungt að ágóðinn rennur til góðra mállefna.

# Fimmtán unglingar beint af götunni

Umræða um heimilislausa fjarar gjarnan út í hártogunum um skilgreiningar og rígr milli stofnana. Hvernig sem heimilislausir eru skilgreindir og hvort sem þeir eru 60 eða 360 – eru þeir of margir. Sumir eru fíklar, aðrir veikir á geði og enn aðrir vart komnir af barnsaldri. Á þessu ári hafa fimmtán unglingar komið af götunni í Rauðakrosshúsið við Tjarnargötu. Til allrar hamingju lánaðist að finna meðferðarstofnun, sambýli eða fósturheimili fyrir níu af þessum heimilislausu tánungum. Þriðjungur þeirra, eða sex íslenskir unglingar, lenti aftur á götunni. Meðal hinna heimilislausu sem leitað hafa á náðir Rauða krosshússins eru:

Fimmtán ára stúlka sem vill ekki heim og er ekki velkomin heima hjá sér. Stjúpaðir hefur beitt hana ofbeldi. Henni var útvegað fósturheimili, það gekk ekki upp vegna samskiptaörðugleika stúlkunnar og fósturfjölskyldunnar. Stúlkan er ekki fikill en illa á sig komin félagslega.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum að undanförunu er talið að um 600 séu húsnæðislausir á höfuðborgarsvæðinu. Þar af eru um 60 heimilislausir og þeir sem ekki fá inni í Gistiskýlinu við Þingholtsstræti verða að finna sér aðra næturgistingu. Samkvæmt skráningu Byrgisins eru heimilislausir yfir 200 og formaður Félags fátækra hefur skráð um 360 sem heimilislausa. Félagsmálaráð hefur tilkynnt að það hyggist koma á fót tveimur heimilum fyrir hina heimilislausu. Heyrst hefur að í öðru þeirra verði boðinn stuðningur fyrir þá sem vilja hætta í óreglu og að í hinu verði gisting fyrir fólk jafnvel þótt það sé undir áhrifum. Þetta slær á vandann en greinilegt er að margir verða áfram á götunni.

Hún var í nokkrar vikur í Rauðakrosshúsinu og á þeim tíma tókst að finna henni pláss á sambýli hjá Félagsþjónustunni.

„Hvar hefði hún verið ef Rauðakrosshúsið væri ekki til?“ spyr Haukur Hauksson, starfsmaður í Rauðakrosshúsinu. Ekki að ófyrirsynju, því þeir eru ýmsir sem lenda milli stafs og hurðar í félagslega kerfinu. Ef ungmenni eru ekki greind með geðröskun, þekktu hegðunartruflun eða fíkn getur verið örðugt að finna þeim bás í kerfinu. „Það þarf að styrkja og auka félagslega heilsugæslu,“ segir Haukur.

Fjórtán ára stelpa sem kom í spjall og ráðgjöf í vor. Hún býr hjá foreldri sem er í neyslu. Sterkur grunur leikur á að stúlkan sé sjálf sokkin í eiturlyf. Henni gengur illa í skóla, umgengst eldri krakka. Af skiljanlegum orsökum sem hér verða ekki tilgreindar gat stúlkan ekki hugsað sér að dvelja í Rauðakrosshúsinu. Hún sneri því aftur heim til foreldrisins og dvelst þar áfram, varrækt og afskipt, á meðan barnaverndaryfirvöld vinna að því að finna úrræði.

Sautján ára piltur sem leitaði til Rauðakrosshússins fyrr á þessu ári. Forráðamaður hans, félagsráðgjafi og starfsmenn Rauðakrosshússins eru sammála um að hegðun hans sé ekki eðlileg. Hegðunarvandamál hans hafa hins vegar ekki viðurkenndan stimpil í kerfinu. Pilturinn dvaldist nokkrar vikur í Rauðakrosshúsinu en hvarf síðan einn daginn. Þrátt fyrir langa dvöl í húsinu fannst engin viðunandi lausn innan Félagsþjónustunnar á vanda þessa drengs. Hann lenti milli stafs og hurðar.



„Ég hef nú sem betur fer aldrei sofið beinlínis úti undir berum um. Stundum í bátum í slíppnum en þá er maður í verulegri líflandi, í misjöfnu ástandi, það er ekkert grín. Þar kemur reynsla





# Ömurlegt að vita ekki hvar hausinn liggur næstu nótt!

**„Það er mikill munur á því að sofa með hlýja sæng í góðu rúmi og að liggja í ruslageymslu með pappakassa yfir sér,“ segir Jonni sem þekkir það að bjarga sér þegar engin hlý sæng er í boði.**

Jón Valgeir Halldórsson er sterklega byggður 36 ára gamall Reykvíkingur. Hann er klæddur í gallabuxur, svartan bol undir renndri íþróttapeysu og í íþróttaskóm. Með hring í eyra og ‚kíví‘-klippingu er Jonni frekar vígalægur náungi. Við spjöllunum saman eitt góðviðrískvöld á bekk niður á Austurvelli þar sem hann sagði frá sorgum og sigrum, hvernig það er að vera heimilislaus og hvernig yfirvöld geta bætt hag heimilislausra – og hversvegna þau eiga að gera það.

„Ég var nú alltaf svolítið ofvirkur sem krakki. Ætlaði auðvitað að klára grunnskólann einthvað fór úrskaiðis í 9. bekk. Flutti með foreldrum mínum til Hafnarfjarðar á unglingsaldri og fór að stunda sjómennsku með náminu 14 ára gamall. Byrjaði að drekka og drakk strax mjög illa, yfirleitt þangað til ég drapst og mundi svo ekki neitt. Svona hélt lífið áfram, ég var á sjónum næstu ellefu árin á alls konar skipum, mest í sjávarplássum hér á Suðurlandi. Þótti býsna duglegur í vinnu þótt ég væri kominn í bólvaða óreglu.“

*Hvað gerðist svo eftir 11 ár á sjónum?*

„Ég var kominn í sambúð með stúlku sem var nú ekkert hrifin af sukkinu á mér. Árið 1987 eignuðumst við son og ég fór þá í mína fyrstu meðferð. Ætlaði að vera fyrirmyndar fjölskyldufaðir en það fór á aðra leið. Ég var fljótlega kominn í sama farið og það slitnaði upp úr sambúðinni. Þetta var fyrsta meðferðin sem ég fór í og þær hafa verið margar síðan.“

Jonni er greinilega stoltur af syni sínum og ljómar allur þegar hann ræðir um hann.

„Það er ágætt samband okkar á milli en ég hef aldrei samband þegar ég er í óreglu. Hef lært að það borgar sig ekki. Það eru heldur engin leiðindi milli mín og barnsmóður minnar.“

## Er ekki ofbeldismaður

*Hvernig gengur að hlíta lögum og reglum?*

„Maður hefur nú nokkrum sinnum sofið í steininum. Lögga er yfirleitt mjög almennileg, bæði í Reykjavík og í Hafnarfirði, og ef allt um þrýtur hefur hún leyft mér að gista. Hef nú líka fengið að gista án þess að biðja um það, en það er annað mál. Annars hef ég verið dæmdur til fangelsisvistar oftan en einu sinni. Hef afplánað á Skólavörðustíg, í Kópavogi og á Akureyri. Hef stundum gert bólvaða vitleysu í óreglunni en ég er EKKI ofbeldismaður,“ og Jonni leggur áherslu á það.

„Það er nú ekkert uppbyggilegt að vera í fangelsi. Það allra versta var þó að fara á Litla-Hraun í fyrrahaust. Var fluttur þangað eftir neyslutímabil og engan veginn tilbúinn í afpláun. Þetta er svo sannarlega refsivist en ekki betrunarvist. Ég var alveg niðurbrotinn en var þó svo heppinn að fá að klára síðustu 45 dagana á Vogu og svo í eftirmeðferð. Klikkaði svo á eftirmeðferðinni, maður er bara svo veikur fyrir brennivíninu. Ég hef greinst með einhverja geðröskun en það er spurning hvað er orsök og hvað er afleiðing. En nú hef ég verið edrú í 20 daga og hef þá von að ég geti farið að koma skikki á mitt líf.“

*Hvar gistir þú núna?*

„Ég er svo heppinn að ég fæ að vera hjá foreldrum mínum í Hafnarfirði þegar ég er edrú. Þau kæra sig ekki um að ég komi þegar ég er í neyslu sem er auðvitað skiljanlegt. Þau hafa nú alltaf stutt mig, þrátt fyrir allt. Íbúðin er fremur lítil og

systir mín býr heima svo það er frekar þröngt þegar ég er þar líka. Svo á ég bróður. Þabbi er strætisvagnabílstjóri en var á sjónum hér áður fyrr og mamma er ekki eins hraust til heilsunnar og áður. Það er auðvitað ömurlegt að geta ekki séð um sig sjálfur, orðinn 36 ára. Draumur minn er að geta hætt í öllu rugli, haft íbúð fyrir sjálfan mig og komast í vinnu en ég hef ekkert unnið í tíu ár, er á örorku. Alltaf tímabundinni örorku sem er endurmetin á ákveðnum fresti. Ég hef náttúrlega ekkert verið vinnufær þessi ár en ef ég næ að byggja mig upp þá væri frábært að geta stundað vinnu.“

## Átta í átján fermetrum

Nokkrir vinir Jonna sitja að drykkju á Austurvelli meðan við spjöllum. Þeir bjóða honum að slást í hópinn en Jonni er ekkert á þeim buxunum enda ætla hann að standa sig. Greinilegt er þó að honum þykir vænt um þá og þeim um hann.

„Þetta er yfirleitt sami hópurinn sem er hérna. Stundum hverfur einn og einn í einhvern tíma, fer í meðferð eða í steinin en flestir koma aftur. Nokkrir hafa dáíð og svo bætast líka nýir í hópinn.“ Þeir biðja um smápeninga og einn segir að þetta sé nú ekki beint lífið sem þeir hafi ætlað sér að lifa en alkóhólisminn ráði einfaldlega ferðinni. Annar segist vera sá eini í þessum átta manna hópi sem hefur húsnæði. Allir hinir séu heimilislausir og fá ekki inni í Gistiskýlinu í Þingholti stræti þar sem þeir séu að drekka. „Ég er í 18 fermetra herbergi og allt þetta fólk hefur gist hjá mér. Einn morguninn taldi ég átta hausa þegar ég vaknaði.“

Jonni veit að það er hann og hans vinir sem átt er við þegar rætt er og skrifað um hið svokallaða miðbæjarvandamál.

„Þetta er mest allt yndislegt fólk



„Þetta er mestallt yndislegt fólk sem ekki stendur í slagsmálum. Auðvitað eru drykkjumenn að ónáða fólk með betli og svoleiðis en þetta fólk reynir að draga sig útúr og vera ekki með læti. Það eru sko fleiri en við sem erum „miðbæjarvandinn“, lið sem kemur í bæinn til að slást og vera með vesen.“

sem ekki stendur í slagsmálum. Auðvitað eru drykkjumenn að ónáða fólk með betli og svoleiðis en þetta fólk reynir að draga sig útúr og vera ekki með læti. Það eru sko fleiri en við sem erum „miðbæjarvandinn“, lið sem kemur í bæinn til að slást og vera með vesen.“

*Kennirðu yfirvöldum á einhvern hátt um hvernig komið er fyrir þér?*

„Nei, en þau þurfa samt að standa sig miklu betur. Það eru svo rosalega margir á götunni, flestir í óreglu. Gistiskýlið í Þingholtsstræti hýsir um fimmtán manns og maður fær ekki inni ef maður hefur drukkið. Það er nú akkúrat þá sem fólk er í mestum vandræðum og þarf að finna sér næturstað. Það þarf mörg svona hús í viðbót og staði þar sem drukknir geta gíst. Einnig þarf að vera meiri stuðningur við óreglufólk svo það eigi

einhverja möguleika á að hætta.“

### Ruslageymslur, stigagangar og kjallarar

Við röltum um miðbæinn þar sem Jonni bendir á staði þar sem hann hefur haft næturgistingu. Svo niður í slipp þar sem hann er hagvanur.

„Ég hef nú sem betur fer aldrei sofið beinlínis úti undir berum himni en oft í ruslageymslum, stigagöngum og kjöllurum. Stundum í bátum í slippnum en þá er maður í verulegri lífshættu. Að þrjú upp stiga á skipi sem stendur á þurru landi, í misjöfnu ástandi, það er ekkert grín. Þar kemur reynslan af sjómennskunni sér vel.“

*Nú hefur þú nokkrum sinnum farið í meðferð. Ertu alltaf kominn í neyslu fljótlega aftur?*

„Nei, nei. Mér hefur bara ekki tekist að hætta. Eitt sinn var ég edrú í 17 mánuði og það var finn tími. Strax og ég fékk mér í glas rauf ég skilorð og var settur inn. Þá fór allt í sama farið. Nú eru 20 dagar síðan ég gekk út úr fangaklefa að morgni til og leið bölvanlega. Ég fór með faðirvorið og hugsaði til Guðs. Dreif mig á AA-fund og stunda þá nú af fullum krafti. Það er mikill stuðningur og ef ég fer ekki á fundi fer allt í vitleysu.“

*Þú ert greinilega trúður.*

„Já, ég hef alltaf verið trúður, alveg frá barnæsku. Hef aldrei glatað trúnni þó að ég hafi verið í neyslu. Ég hef til dæmis fengið inni í Byrginu nokkrum sinnum. Þar er mikil trúrátt og ég er þakklátur Guðmundi Jónssyni og konu hans fyrir það sem þau hafa gert.“

### Vantar margfalt meira gistiþláss

*Hefur þér einhverntíma fundist að Guð hafi svikið þig?*

„Nei, ég hef alveg séð um það sjálfur. En ef ég hef beðið um hjálp hefur mér verið svarað. Það er alltaf einhver sem réttir hjálparhönd þegar allt er komið í öefni. Ég hef nú samt oft leitt hugann að því að enda bara þetta líf. Það hafa komið tímar þar sem mér hefur liðið þannig að mér finnst þetta einskis virði. Þá er algjört vonleysi en nú liður mér betur. Maður verður að gefa sjálfum sér séns.“

*En hafa félagsmálayfirvöld eitt-hvað hjálpað þér?*

„Nú hef ég búið í Hafnarfirði frá unglingsárum. Ég hef nokkrum sinnum sótt um aðstoð vegna húsnæðis frá félagsmálayfirvöldum þar en aldrei fengið neina hjálp. En nú hef ég von um að komast inn í athvarf á Barónsstíg í Reykjavík, sem líknarfélagið Takmark rekur. Þar fær maður herbergi og mat, sem að vísu kostar slatta. Ég er þokkalega bjartsýnn á framtíðina og vona bara það besta. Vil bara áréttta að yfirvöld verða að gera meira fyrir þá sem eru á götunni. Þetta fólk þarf á stuðningi að halda og það vantar einfaldlega margfalt meira gistiþláss en nú er. Það þýðir ekki að útiloka fólk sem hefur verið að drekka og þá er ég ekki að tala um þá sem eru alveg á eyrunum, en þeir sem eru aðeins kenndir þurfa líka að sofa. Það er ömurlegt að vita ekki hvar hausinn liggur næstu nótt,“ segir Jonni sem nú þarf að flyta sér í Hafnarfjörðinn. Mamma hans er með bjúgu í kvöldmatinn og síðan er það Víkingafundur hjá AA-samtökunum.

## Vantar sárlega gistiskýli

### Kona sem hefur verið meira og minna heimilislaus undanfarin ár féllst á að lýsa götulífi sínu í stuttu máli

„Það vantar sárlega gistiskýli í Reykjavík, svipuð og eru víða erlendis, þar sem er opið allan sólarhringinn og fólk fær til dæmis súpu eða eitthvert léttmeti. Ég veit að þetta kostar en það gengur ekki að fullt af fólki sé algjörlega á götunni og eigi hvergi athvarf.“ Hún segir þá sem eru á götunni og í drykkju eða annarri neyslu hvergi eiga von um svefnstað. Aðeins eitt gistiskýli sé starfandi, við Þingholtsstræti, og þar má ekki vera

undir áhrifum. „Það eru nú líka starfrækt áfangaheimili, eða sambýli, fyrir þá sem hafa verið í meðferð. SÁÁ rekur einhver, svo er Byrgið, Takmark, Krossinn og fleiri með einhverskonar sambýli. Sjálf fékk ég inni í Gistiskýlinu á tímabili og svo var ég hjá Hjálpræðis-hernum í nokkurn tíma. Leigði þar herbergi og hafði allavega húsa-skjól og baðaðstöðu. Var þar tvenn jól og það var ágætt.“

Þegar hún hefur hvergi átt fastan samastað er það oft vegna þess að áfengið hefur tekið völdin.

„Þá hef ég oft fengið að sofa í sófanum hjá einhverjum félögum og þar hef ég komist í sturtu.“

Stundum hef ég þó þurft að finna mér aðra staði, eins og til dæmis anddyri einhvers staðar.“ Sumum tekst að breyta lífi sínu eftir meðferð en það getur verið erfitt hjá þeim sem byrja mjög ungir. „Það er agalegt að sjá hvað fólk er orðið skemmt sem hefur byrjað í neyslu ungt, kannski 12–13 ára. Um þrítugt er sumum ekki við bjargandi. Svo eru nokkrir sem fara í stutta meðferð bara til að safna kröftum fyrir næstu törn. Sem betur fer reyna samt flestir að breyta lífi sínu þegar þeir fara í meðferð og það gengur hjá sumum en ekki öllum.“



# Sundgarpur og polkaspilari á Löngumýri

Sundgarpurinn Anna Kristín lét til leiðast og fór í sumarþúðirnar á Löngumýri í Skagafirði í sumar. Hún sér svo sannarlega ekki eftir því og ljómaði af ánægju þegar Hjálpin heimsótti hana sólskinsdag í júlíbyrjun.

„Ég hef einu sinni áður farið í sumarþúðir og þá leið mér illa,“ sagði Anna Kristín Jensdóttir, 9 ára, þegar Hjálpin hitti hana í bjartri stofunni á Löngumýri. Anna er reffileg stúlka og snögg til svars. Hún sat örlítið feimin í fyrstu með göngugrindina fyrir framan sig en ekki leið á löngu þar til hún var farin að láta gamminn geysa um bátsferðina og þitsuveisluna sem var framundan þennan fimmta dag hennar í sumarþúðunum. Um siglingarævintýrið sem hún átti í vændum daginn eftir og hestinn sem hún sat í gær. „Ég var dálítið hrædd fyrst þegar ég fór á hestbakið og hélt mér alveg stíft en svo slakaði ég bara á og þá var þetta allt í lagi! Og mér finnst ofsalega skemmtilegt hérna,“ segir hún skínandi af gleði.

## Árni er besti kokkur í heimi

Mamma Önnu Kristínar fór á sumarþúðakynningu í Gerðubergi í vor og leist þá langbest á sumarþúðir Rauða krossins á Löngumýri. Þetta

er þriðja sumarið í röð sem þær eru starfræktar, og eru þar bæði fötluð börn og ófötluð. Karl Lúðvíksson íþróttakennari hefur umsjón með starfseminni en það eru Rauða kross deildirnar á Norðurlandi sem hafa veg og vanda af sumarþúðunum. Ákjósanlegri stað fyrir sumarþúðir er vart hægt að hugsa sér. Húsið myndar eins konar U og í skjólinu er hellulagður garður með litríkum blómabeðum, grilli og garðhúsgögnum en síðan tekur við stór og ræktarlegur garður með hávöxnum trjám, sundlaug og heitum potti. Og friðsældin ræður ríkjum.

En það er kannski ekki friðurinn á Löngumýri sem heillar hina ungu gesti, heldur félagsskapurinn. „Sko, á kvöldvökunum er ég oft að koma krökkunum í stemningu með því að spila fyrir þá polka á píanóið,“ segir Anna en hún hefur lært á píanó á eitt ár. „Og svo lékum við leikrit um Rauðhettu í gærkvöldi. Ég var sögumaður. Svo segjum við alltaf brandara eftir á og segjum þá að Árni sé besti kokkur í heiminum. En það er sko alveg satt. Hann eldar svo góðan mat. Við fengum pasta í hádeginu og það var ógeðslega gott,“ segir Anna og leggur áherslu á orð sín. Þess má geta að Árni er staðarhaldari á Löngumýri. En Anna hefur ekki lokið máli sínu og bætur við á inn-



„Mér finnst ofsalega skemmtilegt hérna,“ segir Anna.

soginu: „Og svo áðan þá stóð ég þarna við handriðið og var að reyna að sleppa og telja upp að 100.“

Og tókst það?

„Jahá, án þess að halda mér í neitt, í fyrsta skipti á ævinni,“ svarar hún hreykin.

## Með bronsmedalíu í sundi

Jón Þorsteinn, tvítugur bróðir Önnu Kristínar, var með henni á Löngumýri „og er búinn að taka alveg helling af myndum, hann fer örugglega með filmu á dag,“ segir Anna

Kristín og bróðir stríðnislega til bróður síns þegar við komum út í garðinn. „Þegar við erum ekki að fara í ferðir þá förum við í sund og göngutúra og alls konar. Við höfum farið voðalega lítið í sundlaugina hérna, bara þeir sem treysta sér ekki til að fara í Steinsstaðalaug, en ég hef alltaf farið í hana,“ segir Anna og skylði engan undra því hún er sundgarpur mikill. Æfir með Íþróttafélagi Sjálfsbjargar og hefur unnið bronsmedalíu þar fyrir 100 metra baksund. „Það er svo skrýtið. Ég fer með grindina í sturtu og hleyp svo bara á grindinni og mér er síðan hent út í. Ég er svo mikill sundgarpur!“

Í göngutúrunum er Anna stundum í hjólastól en yfirleitt er hún í göngugrindinni og fer létt með það. „Ef það er erfið mól þá læt ég bróður minn keyra mig. En svo fannst mér sérstaklega gaman þegar við förum að kasta á milli og einn var í miðjunni og átti að reyna að grípa boltann. Hver heldurðu að hafi eiginlega verið lélegastur?!?“

Ja, nú veit ég ekki ...

„Jói bróðir – hann var allra lélegastur! Hann var alltaf stökkvandi en náði honum aldrei,“ segir þessi lífsglaða stúlka skellihljæjandi að lokum.



Á leið í bátsferð út á Skagafjörðinn.

**Eldri borgarar læra skyndihjálp í Garðabæ.** Rauða kross deildin í Garðabæ hélt tvö tilraunánámskeið í skyndihjálp fyrir eldri borgara á vordögum. Námskeiðin voru fullskipuð en alls sóttu þau 30 manns. „Það kom berlega í ljós,“ segir Valdimar G. Valdimarsson, formaður Garðabæjardeildarinnar, „að fullorðna fólkið hafði einkum áhyggjur af því hvernig ætti að bregðast við ef barnabörnin slösuðu sig. Farið var í gegnum endurlifgun, slys á börnum, forvarnir, fyrstu hjálp og öldrun líkamans. Reynslan af þessari tilraun verður síðan nýtt til að móta sér-sniðið námskeið fyrir eldri borgara. „Svona námskeið hafa aldrei verið haldin hér en við ætlum að standa fyrir fleiri slíkum í vetur því undirtektirnar voru svo góðar. Þetta verða sennilega tveggja til þriggja daga námskeið, tvo tíma í senn.“ Námskeiðin verða haldin í samvinnu við Öldrunarþjónustuna í Garðabæ.



# Viljum styrkja lektor í velferðarrannsóknnum

**Ómar H. Kristmundsson, tveggja barna faðir, skrifstofustjóri hjá Barnaverndarstofu og stjórnsýslufræðingur, var kjörinn formaður Reykjavíkurdeildarinnar í vor. Hjálpin yfirheyrði Ómar um starfið og verkefni framundan og við spurðum hann fyrst hvaða ástæður lægju til að hann gaf kost á sér sem formaður.**

„Þegar það lá fyrir í vor að þáverandi formaður, Þór Halldórsson, og þrír aðrir reyndir stjórnarmenn mundu ekki gefa kost á sér áfram var leitað til mín en ég hafði þá setið í stjórn R-RKÍ frá vorinu 1999.“

*Hvernig kemur Reykjavíkurdeildin að Alþjóðahúsinu sem á að opna í Reykjavík?*

„Það barst erindi frá undirbúningshópi verkefnisins til Reykjavíkurdeildar og við sýndum málinu áhuga. Við erum með einn fulltrúa í stjórn Alþjóðahússins og tókum þannig þátt í að móta starfið.“

*Hvar og hvenær verður Alþjóðahúsið opnað?*

„Á þessari stundu er ekki ljóst hvar starfsemin verður en stefnt er að því að hún verði í miðbæ Reykjavíkur. Við vonumst til að geta opnað húsið í október eða nóvember.“

*Hvernig verður starfsemin þar?*

„Þarna á að vera vettvangur fyrir fjölmennarlega starfsemi, ekki síður fyrir Íslendinga til að kynna erlendra menningu en fyrir útlendinga. Þarna verður kaffihús og starfsfólkið frá Miðstöð nýbúa flyst þarna inn. Miðstöð nýbúa verður í raun lögð niður þar sem Alþjóðahúsið tekur við verkefnum hennar, en fleiri bætast við.“



Reykjavíkurdeildin hefur hug á að styrkja stöðu tímabundins lektors við HÍ til að sinna rannsóknum á velferðarþjónustu, segir Ómar.

*Svo tengdist deildin bókinni Forvarnir og fíkniefni ...*

„Já, við ákváðum í sumar í samræmi við stefnu RKÍ í forvörnum að gefa forráðamönnum allra barna í 8. bekk í Reykjavík þessa vönduðu bók sem er gefin út af Fræðslumiðstöð í fíkniefnum.“

*Hvað gat komið fram í þessari bók sem fólk ekki vissi um áhrif áfengis?*

„Svona bók gerir auðvitað ekki kraftaverk. Bókin er skrifuð af nokkrum tugum sérfræðinga og getur hjálpað foreldrum að bregðast rétt við ef vandamál koma upp.“

*Og hver eru svo helstu verkefni deildarinnar á næstunni?*

„Þau eru ýmis fyrir utan hin föstu verkefni okkar. Við höfum átt viðræður við Landspítalann og heilbrigðisráðuneytið um hugsanlega þátttöku í að koma á fót áfangasambýli. Hér er um að ræða tímabundið heimili fyrir unga fullorðna einstaklinga sem þurfa á áframhaldandi endurhæfingu að halda eftir endurhæfingu á sjúkrahúsi. Þá hefur verið í undirbúningi í nokkurn tíma að koma á fót vinadeildasamstarfi við deild í Afríku. Ég vona að það mál komist á gott skrið á næstunni. Einnig höfum við verið að velta fyrir okkur að semja við félagsvísindadeild HÍ um stofnun tímabundins starfs lektors sem sinnti rannsóknum og kennslu á sviði velferðarþjónustu. Slíkt starf gæti komið að miklu gagni við mótun framtíðaráherslna.“



# Lá við óeirðum á sjúkrahúsinu vegna manna-ráðninga

Fyrir tveimur árum tók Pálína Ásgeirsdóttir að sér að stýra aðal-sjúkrahúsinu á Austur-Tímor. Þá voru þar engir læknar, aðeins níu hjúkrunarkonur sem sáu um 37 sjúklinga. Þegar spítalinn var svo afhentur Sameinuðu þjóðunum nú í sumar voru starfsmenn orðnir á fjórða hundrað og höfðu sinnt meira en 143 þúsund sjúklingum.

Hinn 29. júní eftirlét Alþjóðaráð Rauða krossins Sameinuðu þjóðunum rekstur þjóðarsjúkrahússins eftir að hafa tekist að byggja upp starfsemi þess í höfuðborginni Dili á Austur-Tímor á tuttugu og einum mánuði. Pálína Ásgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur á drjúgan hlut í því hve vel tókst til með rekstur spítalans.

## Skelfilegt ástand

„Alþjóðaráðið tók að sér rekstur og stjórnun þjóðarsjúkrahússins í Dili í september 1999, tveimur vikum eftir sjálfstæðiskosningarnar. Ég kom í desember og var þarna í sex mánuði við að stjórna spítalanum,“ sagði Pálína í samtali við Hjálpinu nokkrum dögum áður en hún var flogin til Bretlands í framhaldsnám. Pálína var þaulvön enda hafði hún áður starfað á vegum Rauða krossins í Kenýa, Sómalíu, Afganistan, Pakistan og á Tailandi.

„Ástandið í landinu var náttúrlega ekki gott þegar ég kom. Það eimdi enn eftir af sjálfstæðisvímunni frá kosningunum en raunveruleikinn fór fljótlega að skella á fólki. Þegar þjóð hefur í 25 ár búið við harðstjórn sem skildi við sig með því að brenna 70–75% húsa í landinu til ösku, eyðileggja, ræna og reka um þriðjung þjóðarinnar yfir landamærin til Vestur-Tímor – þá er ekki von á góðu. Næstum allar stjórnendastöður höfðu verið setnar Indónesum og þegar þeir fóru vant- aði topp- og miðjulaði í samfélagsþrámidann. Það var engin lög- regla, lögfræðingar og verkfræðingar voru engir til og aðeins örfáir starf-

andi læknar. Það varð að byrja gjör- samlega frá grunni.“

## Enginn dans á rósum

Í fyrstu vatt Pálína sér í að ráða starfsfólk, afla birgða og semja við sérfræðinga, blóðbanka og aðrar stofnanir. Því næst var farið að þjálfa innfætt starfsfólk. En ástandið í samfélaginu smitaði að sjálf- sögðu starfsemina á sjúkrahúsinu og til að byrja gekk á ýmsu. Austur-Tímorbúar tala ýmsar tungur, meðal annars portúgölsku, indónesísku, tetúm og fjölmargar mál- lýskur, en fáir tala góða ensku. „Þetta var enginn dans á rósum. Það var erfitt að fá túlka og öll samskipti við starfsfólk, sjúklinga og aðstandendur voru því ákaflega stíð í fyrstu. Starfsfólkið átti erfitt með að einbeita sér enda er talið að um 97% þjóðarinnar hafi gengið í gegnum trámatíska reynslu síðustu 25 ár og ýtarleg rannsókn sýndi að 35% þjóðarinnar hefðu einkenni áfallas- treitu. Það mátti í raun þakka fyrir að fólk mætti til vinnu.“

## Réttmæt reiði Tímorbúa

Þá var einnig nokkur spenna í garð útlendinganna, aðallega starfsmanna Sameinuðu þjóðanna og annarra hjálparstaka, sem flæddu inn í landið loksins þegar þessi fyrrver-



Við undirritun samninganna milli Rauða krossins og Sameinuðu þjóðanna. Frá vinstri: Séra Filomeno Jakob, heilbrigðisráðgjafi, Lise Boudreault, yfirmaður Rauða krossins á Austur-Tímor, Sergio Vieira de Mello, landsstjóri SP, og Rui Araujo, yfirmaður heilbrigðismála á Austur-Tímor.



Pálína á milli tveggja samstarfsvenna, önnur er frá Sviss en hin frá Bretlandi.

andi nýlenda Portúgala og hjálenda Indónesa hafði hlotið sjálfstæði. „Það er svo sem ekki skrítið. Þarna voru um átta þúsund starfsmenn SP og friðargæsluliðar á góðum launum. Það er gríðarlegt atvinnuleysi þarna og fullt af ungum, hraustum en ómenntuðum karlmönnum fullum af hormónum og ef þeir komust yfir áfengi var ekki von á góðu. Reiði þeirra er alveg réttmæt en þeir verða líka að gera sér grein fyrir að þjóðin getur ekki risið upp hjálpar- laust. Við hjá Rauða krossinum fund- um hins vegar lítið annað en þakk- læti frá fólki, enda Alþjóðaráðið vel þekkt á Austur-Tímor eftir 25 ára starf þar.“

Erlendu hjálparstarfsmennirnir þurftu líka að læra inn á menningu innfæddra. „Það dó til dæmis eldri maður sem vann við skúringar á spítalanum og næst þegar við viss- um var ungur maður kominn í starfið hans. Hann reyndist vera sonur

mannsins og taldi að fjölskyldan ætti þetta starf. Sem hefði svo sem verið í lagi nema vegna þess að hann var hálf-ómögulegur til vinnu og varð því að fara.“

## Sofandi krókóðilar

Starfsmannaráðningar voru mikið hitamál í samfélaginu, sem er ekki undarlegt þar sem atvinnuleysi var á bilinu 70–75%. „Það var bitist um hverja stöðu og í fyrria lá við óeirð- um á sjúkrahúsinu út af ráðninga- málum. Tímorbúar eru alveg yndis- legt fólk en þeim er gjarnan lýst sem sofandi krókóðilum og maður er ekkert voðalega spenntur fyrir því að vera nálægt þegar þeir rjúka upp.“

Pálína sneri aftur til Austur-Tímor í vor og stjórnaði spítalan- um fram að afhendingu, sem fram fór á tilsettum tíma. „En þá var ástandið líka orðið allt annað. Í fyrsta lagi var búið að þjálfa fólkið upp, í öðru lagi voru samskiptin orðin liprari því menn voru orðnir sleipari í ensku og í þriðja lagi hafði verið stífur áróður frá pólitísk- um og andlegum leiðtogum til þjóð- arinnar um að stíga nú næsta skref til sjálfstæðis og fara að axla ábyrgð. Það small allt saman og tímorska starfsfólkið á spítalanum fór að verða tilbúið til að taka stjórnina og starfsemina í sínar hendur,“ sagði Pálína að lokum. Þrátt fyrir gott og áhugasamt starfs- fólk er enn mikil uppbygging framundan enda starfa aðeins níu læknar á sjúkrahúsinu og enginn sérfræðingur.

Fjöldahjálparstöð var opnuð á Klaustri eftir rútuslysið við Hólaskjól:

# Rjúkandi kaffi beið farþeganna

Nokkrum stundum eftir að rútan fór út af veginum við Hólaskjól voru sjálfboðaliðar Rauða kross deildarinnar á Kirkjubæjarklaustri búnir að opna fjöldahjálparstöð þar sem ferðalangarnir fengu aðhlyningu, kaffi, súpu, brauð og bakkelsi.

Hörður Davíðsson, bóndi á Efri-Vík og formaður Klausturdeildar, fór upp að Hólaskjöli um leið og fréttist af rútuslysinu sem varð 6. ágúst í sumar enda er hann líka í björgunarsveit staðarins. „Þegar björgunarsveitin kom á vettvang reyndust svo margir vera í rúttunni að vettvangsstjóri óskaði eftir því að opnuð yrði fjöldahjálparstöð á Klaustri.“

Það er hlutverk Rauða krossins í

almannavarnarkerfi landsins að hafa umsjón með slíkum fjöldahjálparstöðvum og því hafði Hörður umsvifalaust samband við stjórn Rauða kross deildarinnar á Klaustri. Stjórnin kallaði síðan út sjálfboðaliða og þegar rútuferðarnir voru komnir á Klaustur beið þeirra rjúkandi kaffi og bakkelsi. „Þó að slysið liti illa út í byrjun var fólk í betra ástandi en okkur sýndist í fyrstu. Þetta var ungt fólk og vel á sig komið, andlega og líkamlega.“

## Allir stóðu sig með þryði

Klausturdeildin kallaði út lækni, hjúkrunarfræðing og prest ef fólk skyldi þurfa á áfallahjálparstöð að halda en ekki reyndist þörf fyrir hana. Alls

mættu níttján sjálfboðaliðar Rauða krossins og sáu þeir um veitingar og skráningu á fólkinu. „Það er mjög mikilvægt í svona tilfellum að halda utan um það hverjir skila sér,“ segir Hörður en alls voru 32 ferðamenn skráðir inn í fjöldahjálparstöðina af sjö þjóðernum. „Það voru margir krambúleraðir og með skrámur og sex þeirra fóru til frekari lækninga skoðunar. Enginn reyndist þó alvarlega slasaður. Við vorum síðan með vakt um nóttina og 26 gistu í stóðinni en sex héldu áfram ferð sinni.“

Morgunin eftir fengu farþegarnir morgunverð og síðan tóku sjálfboðaliðar niður upplýsingar um næsta áningarstað ferðalanganna. „Þetta gekk allt fljótt og vel og allir stóðu sig með þryði,“ segir Hörður.



„Þetta gekk í raun betur en ég hefði þorað að vona,“ segir Hörður, formaður Klausturdeildar.

„Við höfðum aðeins áhyggjur af því að fólk mundi ekki skilja þetta skipulag og skráningarskylduna en menn virtust skilja vel að við þyrftum þessar upplýsingar til að geta náð í það ef eitthvað kæmi upp á. Þetta gekk í raun betur en ég hefði þorað að vona.“

## Nærri 4000 Íslendingar í neyðarskipulagi Rauða krossins

Okkur er samt að halda að ekkert komi fyrir hjá okkur. En hópslys verða víða og á síðasta ári voru Rauða kross deildir kallaðar út vegna rútuslysa, jarðskjálfta og annarra hópslysa. Því er nauðsynlegt að allar deildir uppfæri reglulega neyðarvarnaáætlanir sínar, segir Herdís Sigurjónsdóttir.

Herdís er nýráðin neyðarvarnafulltrúi Rauða kross Íslands og hefur undanfarna mánuði unnið að endurskoðun á hinum 27 ára gamla samningi hreyfingarinnar og Slysavarnafélagsins Landsbjargar við Almannaáætlun ríkisins. Samningurinn var upphaflega gerður í kjölfar Vestmannaeyjagossins þar sem Rauði krossinn sýndi svo um munaði hve umfangsmikla aðstoð

hann gat veitt á neyðartímum.

### Útkallskerfi með SMS

Í samningnum er kveðið á um hlutverk Rauða krossins í neyðarvarnarskipulagi landsins. Á neyðartímum sér Rauði krossinn um að aðstoða fólk sem neyðist til að yfirgefa heimili sitt, þ.e. að útvega því fæði, klæði og húsaskjól. Síðan aðstoðar hreyfingin við uppbyggingu eftir slys eða hamfarir.

Alls er fimmtíu og ein Rauða kross deild með neyðarvarnarskipulagi, segir Herdís og hver deild gerir neyðarvarnaáætlun fyrir sínar fjöldahjálparstöðvar. „Það eru um 160 fjöldahjálparstöðvar á landinu og við leggjum metnað okkar í að til reiðu séu að

minnsta kosti fjórir flokksstjórnar fyrir hverja fjöldahjálparstöð auk rúmlega 20 manna stuðningsliðs skólafólks, presta, sálfræðinga, kokka og fleiri. Ég er að vinna í því að skrá þessar stöðvar og deildir eru að yfirfara listana þessa dagana. Í flestum tilfellum er ástandið mjög gott. Draumurinn er hins vegar að gera skipulagið alveg pottþétt.“

Endurskoðunin nú felst meðal annars í því að setja upp SMS-útkallskerfi fyrir neyðarnefndir deildanna til að stytta viðbragðstímann. Auk þess er nú reynt að samræma aðgerðir manna og skilgreina betur hver hefur hvaða hlutverk. „Þessi tíðu rútuslys minna okkur á að hópslysin geta orðið alls staðar.“



Rauði krossinn tekur þátt í fjölmörgum neyðarvarnaæfingum árlega. Á döfinni eru rútu- og flugslysaæfingar og einnig er að hefjast undirbúningur fyrir Samvörð 2002 þar sem æfður verður flutningur fólks frá Eyjum til lands.



## Heilbrigðisverkefni Rauða kross Íslands í austurhluta Síberíu

# Stolt fólk á norðurslóð

**Sigrún Árnadóttir og Gestur Hrólfsson eru nýkomin frá Tajmyr-héraði í Síberíu og lögðu þar drög að samstarfi um heilbrigðisfræðslu og heimahlynningu í þessu strjálbýla héraði sem er rökstlega átta sinnum stærra en Ísland en með ámóta marga íbúa og Færeyjar.**

„Rússneski Rauði krossinn var mjög öflugur og lagði mikið til hjálparstarfs á alþjóðlegum vettvangi á sovétímanum, en þegar þjóðskipulagið breyttist eystra breyttist einnig sá grunnur sem rússneski Rauði krossinn byggðist á og ferli endurskipulagningar hófst,“ sagði Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, nýlent eftir þéttskipaða fjögurra daga ferð til Rússlands.

„Rauði krossinn hafði haft mikla sérstöðu og þegnum Sovétríkjanna bar að vera félagar í Rauða krossi Rússlands og greiða árlegt félagsgjald. Þegar Sovétríkin liðu undir lok hrundi auðvitað félagatalið og þar með fjárhagsgrunnurinn, en þörfin fyrir starfsemi Rauða krossins innanlands hefur verið mjög mikil. Dæmið hefur þannig snúist við, nú verður rússneski Rauði krossinn að reida sig á stuðning annarra landsfélaga. Forsvarsmenn Rauða krossins í Rússlandi eru bjartsýnir og telja að innan fárra ára verði staða þeirra aftur breytt.“

### Strjálbýlt túndrusvæði

„Rússneski Rauði krossinn hefur staðið sig vel við erfiðar kringumstæður. Rauða kross félögin á Norðurlöndum ákváðu sameiginlega að sýna þeim samstöðu og fyrir þremur árum var undirritaður samstarfs-samningur milli allra norrænu félaganna og rússneska Rauða krossins. Hin norrænu félögin hafa einbeitt sér að svæðunum sem liggja að landamærum Skandinavíu en við ákváðum – í samræmi við okkar stefnu – að horfa frekar til afskiptarí svæða. Niðurstaðan var sú að starfa með Rauða kross deildinni í Tajmyr-héraði í Síberíu sem er aðeins tveggja ára gömul en mjög öfl-

ug og með drífandi fólk í forystu,“ segir Sigrún. Ákveðið var að koma á lagginnar heilbrigðisverkefni í samvinnu við deildina í Tajmyr og drög voru lögð að þessu verkefni í ferðinni. Ætlunin er að þjálfa tólf sjálfbodaliða og hjúkrunarfræðinga til að veita heilbrigðisfræðslu og sinna heimahlynningu, en auk þess verður veittur stuðningur til að byggja upp innra starf Tajmyr-deildarinnar, einkum í því skyni að fá ungt fólk til liðs við þau verkefni sem Rauði krossinn vinnur að.

### Á hjara veraldar

Þótt Tajmyr-hérað nái aðeins yfir hluta af Síberíu er það rúmlega 862 þúsund ferkílómetrar og þar búa innan við fimmtíu þúsund manns. „Þetta er mjög strjálbýlt túndrusvæði. Höfuðborg héraðsins, Dúdínka, liggur rétt við ósa stórfljótsins Jenísej sem rennur norður eftir öllu landinu og er mikil samgönguæð. Lífið í þeim bæ snýst fyrst og fremst um höfnina. Síðan eru þarna dreifð hirðingjasamfélög sem lifa á á hreindýra- og fiskveiðum.“

Svæðið er einangrað og fátæktin mikil. Á aðalskrifstofunni í Moskvu þótti mönnum að Íslendingarnir væru á leið á hjara veraldar þegar hópurinn steig upp í vélina til Dúdínka. Ekki svo fjarri lagi því þangað er fjögurra tíma flug frá Moskvu og



Sigrún og Gestur heimsóttu þessa konu í hirðingjaborpi í Tajmyr-héraði. Konan býr ein í köldu og leku húsi sem er fátæklega búið húsgögnum.

samgöngur afar takmarkaðar. Vegir eru fáir og í mestu vetrarhörkunum hefur reynst nauðsynlegt að dreifa mat til íbúanna. Um það hefur bandaríski Rauði krossinn séð.

### Blokkirnar í Dúdínka – enginn munur á hóteli og heimili

Dúdínka byggðist upp á tímum Sovétríkjanna enda var yfirvöldum þá umhugað að halda landinu í byggð og Rússum sem þangað vildu flytja var hyglað á ýmsan hátt í launum og húsnæði. „Það er því dálítið sérstakt að koma til Dúdínka. Þetta er um 20 þúsund manna bær og þar eru eingöngu blokkir og þær eru allar eins. Það er reyndar kirkja þarna og félagsheimili en aðrar byggingar eru blokkir. Það er enginn munur á hót-

eli eða heimili eða búðum. Þær eru hins vegar málaðar í ýmsum litum og er vel við haldið,“ segir Sigrún en lundarfar og viðmót íbúanna kom henni líka á óvart. „Maður ímyndar sér að fólk í Síberíu sé þungbúið en við hittum þarna fyrir mjög alúðlegt fólk. Það er greinilegt stolt og dugur í fólk á þessum slóðum.“

Í hinum dreifðari hirðingjasamfélögum búa aðallega frumbyggjar og hópurinn heimsótti eitt slíkt þorp í um eins og hálfis tíma bátsferð frá Dúdínka. Þar býr fólk nálægt fljótinu til að vera sem næst miðunum en í leysingum á vorin flæðir áin. „Tilvera íbúanna er því stöðug baráttu við náttúruöflin um lífsafkomuna. Vandinn er sá að á Sovétímanum fengu þeir sjálfkrafa aðstoð sem hélt þessum samfélögum gangandi. Nú eru önnur öfl ráðandi og fátæktin svo mikil í þessu 200 manna þorpi að þar fæddist aðeins eitt barn á síðasta ári. Fólk sagði okkur að það vildi síður fæða börn inn í þessa fátækt.“

Að undanförunu hefur Rauði kross Íslands styrkt nokkur önnur verkefni í Rússlandi, m.a. berklavarnaverkefni í Pétursborg og nágrenni, og á þessu ári var orðið við neyðarbeiðni vegna flóða austar í Síberíu. Utanríkisráðuneytið varði tveimur milljónum í framleiðslu á teppum sem nýlega hefur verið dreift þar en Rauði kross Íslands keypti eldhúshöld, skólatöskur og skólavörur fyrir 3 milljónir. Þetta fór til fjölskyldna sem urðu illa úti í flóðunum.



Sigrún ásamt formanni Rauða kross deildarinnar í Tajmyr-héraði. „Deildin er aðeins tveggja ára gömul en mjög öflug og með drífandi fólk í forystu.“ Í baksýn eru sovétblokkirnar í Dúdínka.

Óskar S. Jónsson, sjálfböðaliði og fyrrerandi svæðisfulltrúi á Austurlandi, heimsótti ruslahauga í Venesúela fyrr á árinu og furðaði sig á því hvers vegna atvinnulíf blómstraði ekki í

þessu landi sem er eitt stærsta olíuútflutningsríki heims. Hann skrifar hér um kynni sín af ruslahaugunum í Maracay.

# Í heimsókn á sorphaugum – þar sem börn ganga með byssur og hnífa

Óskar S. Jónsson  
skrifar

Þegar ég keyrði um úthverfi Maracay-borgar var mér bent á tugi verksmiðja sem höfðu lagt upp laupana á andanförunum árum og kom það mér verulega á óvart í ljósi þess hve mikið Venesúela flytur út af olíu. Maður skyldi ætla að í slíku olíuríki væri blómstrandi efnahagslíf. Þá hafa lokanir verksmiðjanna ekki aðeins alið af sér atvinnuleysi heldur og gríðarleg samfélagsvandamál. Vandamál sem erfitt eða ómögulegt er að uppræta; vændi, eiturlyfjaneysla, glæpir. „Jafnvel börn eru farin að ganga með byssur og hnífa til þess að lifa af vistina hér,“ segir Juan Marino, formaður Rauða krossins í Aragua-fylki í Venesúela.

## Álið úr ljósaperunum verðmætast

Undarlegt nokk eru lottó-sölustaðir hvert sem lítið er í kofabyrpingunum kringum niðurníddar verksmiðjurnar. „Það er auðvelt að freista þeirra sem lítið hafa,“ útskýrir Juan. Því heilu hreysahverfin hafa sprottið upp eins og gorkúlur umhverfis þessar yfirgefna verksmiðjur. Hreysin kallast „rancho“ á máli innfæddra og gefur nafnið til kynna að aðeins eitt herbergi sé í húsinu. Byggingarefnið er heldur lítilfjörlegt – gamalt bárujárn, timburafgangar og hvaðeina sem menn finna á förnum vegi og gæti veitt skjól.

Nokkur hundruð metra frá þessu hverfi eru ruslahaugar borgarinnar og þar er einn af fáum möguleikum



Óskar var svæðisfulltrúi á Austurlandi í þrjú ár en fluttist suður nú í haust og stundar nám í iðnaðartæknifræði. Óskar dvaldist ásamt unnustu sinni í röska fjóra mánuði í Venesúela og Ekvador í upphafi ársins.



íbúanna til að afla sér tekna. Það er að segja með því að safna rusli frá betur settum borgarbúum. Allt frá fimm ára börnunum hópast íbúar hreysanna daglega að sorphaugunum í leit að einhverju nýtilegu sem hægt væri að selja til endurvinnslu. Vænlegast er að safna gleri, plasti,



## Frumskógarlög málið numið úr gildi

Hefðum við komið sjö mánuðum fyrr til Maracay hefði verið lífshættulegt að fara inn á haugsvæðið. Þá réðu byssumenn þar lögum og lofum. Þeir stjórnðu því hver mátti leita hvar á haugunum og til skotbardaga kom þegar glæpagengin voru ekki sátt við svæðaskiptinguna. Fyrir tilstuðlan Rauða krossins og lögreglunnar tókst að uppræta gengin og nú gilda þar önnur lög. Byssumennirnir eru á bak og burt og haugunum hefur verið skipt niður í garða þar sem ákveðnir hópar leita hverju sinni undir stjórn hópstjóra. Sjálfböðaliði Rauða krossins hefur nú í sjö mánuði unnið við að skipuleggja svæðið og á þeim tíma hefur sorptínslumönnum fjölgað úr 480 í 570.

Hver sá sem heimsækir slíkan stað verður djúpt snortinn. „Við vonum að þessu erfiðleikatímabili fari að ljúka hér í Venesúela. Við megum ekki missa vonina um betri tíð,“ sagði Roger, yfirmaður öryggismála Rauða krossins í Maracay, hátt og snjallt við mannfjöldann sem safnaðist í kringum okkur. Það var augljóst að ástandið lagðist þungt á hann líkt og okkur sem vorum að sjá þetta í fyrsta sinn. Bjartsýni Rogers held ég þó að eigi meira skylt við hjátrú en raunveruleikann. Eftir sjö mögum ár skulu taka við sjö betri, samkvæmt ritningunni. Harðindaárin sjö voru að baki og því kominn tími á að þjóðin fengi að rétta úr kútnum, að mati Rogers. Hvort sjöára-reglan er enn í gildi verður tíminn að leiða í ljós.

járni, áli og kopar. Tveir unglingspiltar tjáðu okkur að ál væri helst að finna í botninum á ljósaperum og að fyrir kílóíð væri mest hægt að fá 40 krónur. Kílóverðið fyrir plast og gler er mun lægra og því sérhæfðu þessir drengir sig í áli.



# Í pásu frá heimshornaflakkinu

Helga Þórólfsdóttir er nýráðinn skrifstofustjóri alþjóðastarfs hjá Rauða krossi Íslands. Hún er sem sniðin í stöðuna með langa reynslu af starfi fyrir Rauða kross hreyfinguna á Íslandi, í Sómalíu, Líberíu, Georgíu, Bosníu, Tadsjikistan, Úganda og nú síðast á Indlandi.

Eftir nær áratug á látlausu flakki um heiminn í hjálparstarfi fyrir Rauða krossinn ákvað Helga að taka sér pásu frá Rauða krossinum, festa rætur hér heima og kynnast betur barnabörnunum. Hún var ráðin í rúmt ár sem verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg um málefni nýbúa. Þegar því verkefni lauk um áramótin síðustu varð jarðskjálftinn á Indlandi og Helga flaug þangað til að taka þátt í hjálparstarfinu. Áhuginn á starfsemi Rauða krossins kviknaði að nýju innan um fórnarlömb jarðskjálftanna og eftir hafa sótt nám-skeið á vegum Alþjóðasambandsins í sumar afréð Helga að sækja um stöðu skrifstofustjórans þegar hún var auglýst. „Ég veit að mér á aldrei eftir að leiðast í vinnunni. Að hjálpa er ekki einfalt starf. Við viljum flest frekar gefa en þiggja. Því er mikilvægt í hjálparstarfi að fólk geti haldið virðingu sinni og verið þátttakendur í úrbótum.“

## Hælisleitendur vilja ekki vera byrði

Skrifstofustjóri alþjóðastarfsins hefur meðal annars með höndum að styrkja ýmis verkefni Alþjóða-Rauða krossins við þróunar- og neyðaraðstoð og sjá um sendifulltrúa okkar á erlendri grundu. „Rauði kross Íslands tekur líka þátt í stefnumótun innan Alþjóða-Rauða krossins,“ segir Helga, „og ég held að þá komi sér vel að hafa praktíska reynslu af vinnu með ýmsum landsfélögum. Maður sér þá betur hvað er raunhæft því menn gleyma því stundum í áætlanagerð hvernig hlutirnir eru í raun og veru. Þó að Rauði kross Íslands sé lítið landsfélag er á okkur hlustað og ég hef fundið það í starfi mínu erlendis að Rauði kross Íslands nýtur mikillar virðingar.“

Undir alþjóðastarf heyrja einnig málefni flóttamanna og hælisleitenda. Flóttamenn eru þeir sem falla undir skilgreiningu Flóttamannastofnunar SP á flóttamönnum og hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að taka á móti þeim. Hælisleitendur koma hins vegar á eigin



Ég er full aðdáunar á því fólk sem tekst að gleðjast yfir því sem lífið hefur uppá að bjóða þrátt fyrir ótrúlegar hörmungar, segir Helga sem er hér stödd á Indlandi í hjálparstarfi vegna jarðskjálftanna.

vegum og oft skilríkjalausir. Ýmsir hafa gagnrýnt hve lengi kerfið er að meta hvort þessir einstaklingar teljast hæfir til að hljóta pólitískt hæli, meðal annars vegna þess að þeir mega ekki vinna á meðan heldur eru á framfærslu Rauða krossins. „Samkvæmt alþjóðasambykktum getur fólk leitað hælis ef það er eða telur sig vera ofsótt. Það er réttur þessa fólks að athugað sé hvort umsóknin á við

rök að styðjast. Auðvitað veit maður að óprúttir aðilar nota þessa aðferð við að koma fólk í leit að betri lífskjörum til ríkari landa. Það á þó ekki að koma í veg fyrir að allir fái réttláta málsmeðferð. Annars held ég að ferlið sé einna styst hér því hælisleitendur hafa verið tiltölulega fáir á Íslandi þótt þeim hafi fjölgað á síðustu árum. Erlendis þurfa hælisleitendur stundum að bíða í mörg ár

eftir svari. En málefni hælisleitenda þarf að endurskoða á alþjóðlegum vettvangi. Það er þörf fyrir vinnuafli í Evrópu og það er spurning hvort ekki þarf að opna Evrópu meira fyrir útlandingum. Hælisleitendur hafa engan áhuga á að vera byrði á kerfinu, þetta er fólk sem vill vinna til þess að geta séð fyrir sér og sínum.“

## Hugsað til engla

Rauði krossinn hefur alltaf notið mikils stuðnings listamanna í landinu, eins og sést í hvert sinn sem efnt er til fjóröflunar með fulltingi tónlistar- eða myndlistarmanna. Í vor sýndi Kristján Kristjánsson, KK, hug sinn til félagsins þegar hann gaf því rétt til þess að nota hið gullfallega lag sitt, „When I Think of Angels“ sem systir hans, Ellen Kristjánsdóttir, syngur. Búið er að gera myndband við lagið með



myndskaiðum úr starfi Rauða krossins hér á landi og alþjóðlega, og

geta deildir og stofnanir félagsins pantað það hjá fræðslufulltrúa.

# Er þessi

1165 Íslendingar slösuðust í umferðinni árið 2000.

# taska í þínum bíl?

Átak til að efla öryggi í umferðinni

Rauði Kross Íslands á samstarf við Lyfjaverslun Íslands um bíltösku fyrir sjúkragögn sem almenningur er hvattur til að hafa í bíl sínum.

Skjót viðbrögð þegar á reynir!



LYFJAVERSLUN ÍSLANDS HF.  
ICELANDIC PHARMACEUTICALS LTD.



Bíltöskurnar fást á eftirtöldum stöðum:



ÖRYGGISMIÐSTÖÐ ÍSLANDS



Þessir aðilar styrkja átakið:

